



ÁRSSKÝRSLA HSH 2016



77. Héraðsþing HSH
Ólafsvík 11. desember 2017





77. Héraðsþing HSH

Haldið mánudaginn 11. desember 2017 kl. 19:00
í Félagsheimilinu Klifi, Ólafsvík

Dagskrá:

1. Þingsetning
2. Tilnefning þingforseta, varaþingforseta og tveggja þingritara
3. Skipun kjörbréfanefndar
4. Skýrsla stjórnar
5. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til Samþykktar
7. Kosning nefnda þingsins:
 - a) Fjárhagsnefnd
 - b) Íþróttanefnd
 - c) Allsherjar- og laganefnd.
8. Ávörp gesta, útnefning íþróttamanns HSH 2017
9. Fjárhagsáætlun lögð fram
10. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda
11. Nefndarstörf
12. Nefndarálit, umræður og atkvæðagreiðslur
13. Kosningar
 - a) Formaður HSH
 - b) Aðrir í stjórn og varastjórn
 - c) Tveir skoðunarmenn og fjórir til vara
 - d) Ráð og nefndir skv. gildandi samþykktum og reglum
 - e) Uppstillingarnefnd, 3 af formönnum aðildarfélaga HSH sem starfa fram að næsta héraðsþingi
 - f) Kosning á Íþróttaping ÍSÍ
14. Önnur mál
15. Þingslit.

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	5
Skýrsla stjórnar HSH.....	5
Stjórn HSH.....	7
Heiðursviðurkenningar.....	8
Ýmsar upplýsingar	10
Fréttapunktur frá HSH.....	10
Formenn HSH	12
Nefndir og ráð HSH	13
Aðildarfélög og formenn félaga	14
Lottó/úthlutunarreglur HSH	16
Stærð félaga og tekjur af lottói	16
Lög HSH	17
Reglugerð um íþróttamann HSH.....	23
Skýrslur aðildarfélaga HSH	24
Ungmennafélag Grundarfjarðar	24
Hestamannafélagið Snæfellingur	25
UMF Víkingur/Reynir	29
Golfklúbburinn Jökull	34
Skotfélag Sæfellsness.....	35
UMF Snæfell.....	37
Ungmennafélag Staðarsveitar	46
Golfklúbburinn Mostri	48
Golfklúbbur Staðarsveitar	54
Íþróttafélag Miklaholtshrepps	55
SAMVEST samstarfið í frjálsíþróttum.....	56
Snæfellsnessamstarfið – samstarf í knattspyrnu.....	57
Ársreikningur 2015	60
Ársreikningur 2016	67

Skýrsla stjórnar

Skýrsla stjórnar HSH

Starfsárið árið var frekar óhefðbundið ári í sögu HSH þar sem það var ákveðin stjórnarkreppa og erfiðlega gekk að fá fólk til að starfa í stjórn HSH. Það var ákveðið að halda formannafund HSH í október 2016 í Golfskálanum Víkurvelli Stykkishólmi. Þar var farið yfir ársreikninga og skipuð starfsstjórn sem átti að starfa fram að næsta héraðsþingi. Þrátt fyrir þessa erfiðleika var starf HSH að mestu með hefðbundnum hætti þar sem framkvæmdastjóri sinnti þeim verkefnum sem eru hluti af HSH.

Árið 2016 var öflugt íþróttaár innan félaga HSH og ánægjulegt er að sjá hversu vel félögin eru að standa sig í því að bjóða upp á öflugt og metnaðarfullt starf. Það hefur verið vitað að erfitt getur verið að keppa við félög á höfuðborgarsvæðinu varðandi það að standa jafnfætis þeim í framboði á íþróttagreinum en hver sníðir sér stakk eftir vexti og það hafa félögin á Snæfellsnesi svo sannarlega gert. Með auknu samstarfi geti félögin gert meira saman en hver fyrir sig þar sem hægt er að bjóða upp á betri þjónustu og aukna fjölbreytni.

Meðal samstarfsverkefna eru SamVest, sem eru frjálsíþróttasamstarf á vesturlandi. HSH hefur verið lykilaðili í samstarfinu frá upphafi. Fjármál SamVest hafa verið í umsjá HSH frá upphafi. Árið 2015 veitti UMFÍ verkefninu viðurkenningu, Hvatningarverðlaun UMFÍ. Þau fékk samstarfsverkefnið SamVest fyrir öflugt og metnaðarfullt íþrótta -og ungmennafélagsstarf. Verðlaunin hlutu þeir sjö sambandsaðilar sem að verkefninu standa en þeir eru: HSH, HSS, HHF, USK, UMFK, UMSB og UDN.

SamVest hefur verið í samstarfi við frjálsíþróttadeild FH og haldið samæfingar í frjálsíþróttaaðstöðu í Kaplakrika í Hafnarfirði undir leiðsögn þjálfara frá FH. Einnig hefur verið farið á mót og æfingabúðir sem hefur þótt takast mjög vel. Þetta er skemmtilegt verkefni og standa vonir til að halda áfram þessu samstarfi.

Snæfellsnessamstarfið í knattspyrnu er samstarf milli félaganna UMF Víkinga í Ólafsvík, UMF Reynis á Hellissandi, UMFG í Grundarfirði og UMF Snæfells í Stykkishólmi. Þetta samstarf hefur gengið vel og starfið hefur farið vaxandi með hverju árinu. Á vegum samstarfsins eru að fara iðkendur að keppa á öll helstu stórmót Íslands, eins og t.d. Orkumótið í Vestmannaeyjum, Pæjumótið, Síamótið, N1 mótið og Norðurálmótið. Ásamt þessum mótum fara krakkar í

öllum flokkum á Íslandsmót KSÍ þar sem árangur þeirra hefur verið mjög góður. Vetrarverkefnin hafa verið í brenndidepli undanfarið og hefur verið unnið að því meðal annars að skrá flokka í Faxaflóamót. Að lokum má ekki gleyma að nefna keppnisferð erlendis þar sem 4. fl. fer á hverju sumri erlendis á mót við miklar vinsældir. Þetta samstarf gefur krökkum af Snæfellsnesi upp á fleiri valmöguleika í keppni og æfingum.

HSH mun reyna eftir bestu getu að stuðla að og styðja við þessi samstarfsverkefni því reynslan sýnir það hversu gott og öflugt starf er hægt að vinna ☺

Ásamt öllu því flotta starfi sem ungmennafélögin eru að sinna hver í sínu bæjarfélagi fyrir yngri iðkendur hafa önnur félög vaxið mikið á síðustu árum. Skotfélag Snæfellsness hefur verið í mikilli sókn og hefur félagsmönnum farið fjölgandi og var starfsárið 2016 eitt af besta ári félagsins frá upphafi með mörgum viðburðum og uppákomum. Golfklúbbarnir fjórir á svæðinu hafa einnig verið í sókn og þá sérstaklega með það að reyna að fá ferðamenn til að stoppa á völlum. Það hafa verið nokkuð um endurbætur hjá klúbbunum á völlum og aðstöðu. Það eru mörg tækifæri þarna framundan og stefnt er því að reyna að nýta þau sem mest.

Kveðja

Garðar Svansson

Starfsstjórn HSH starfsárið 2016

Stjórn HSH

Árið 2016 tók til starfa tímabundin starfsstjórn og hana skipuðu:

Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson, Umf. Snæfell

Heiða Lára Guðmundsdóttir, Skotfélag Snæfellsness

Ragnhildur Sigurðardóttir, Umf. Staðarsveit

Sólberg Ásgeirsson, Umf. Grundarfjarðar

Garðar Svansson, Golfklúbburinn Vestarr

Framkvæmdastjóri:

Garðar Svansson

Skoðunarmenn reikninga:

Gunnar Kristjánsson

Kristján Guðmundsson

Heiðursviðurkenningar

Frá ÍSÍ

Þjónustumerki

Kristján Jónsson UMF. Eldborg 1963

Silfurmerki

Kristján Þórðarson UMF. Staðarsveit 1997

Eggert Kjartansson Íþróttafélag Miklaholtshrepps 1998

Elfa Ármannsdóttir UMF. Víking 1998

Ríkharður Hrafnkelsson Golfklúbbnum Mostra 2003

Garðar Svansson UMF. Grundarfjarðar 2003

Páll Guðmundsson Golfklúbbnum Vestarr 2007

Kristín Halla Haraldsdóttir UMF. Grundarfjarðar 2008

Guðmundur Gíslason UMF. Grundarfjarðar 2012

Ásgeir Ragnarsson Golfklúbbnum Vestarr 2013

Gullmerki

Magnús Alexandersdóttir UMF. Snæfell 1987

Sigurþór Hjörleifsson UMF. Snæfell 1992

Þóra Kristín Magnúsdóttir UMF. Trausti 1997

Kjartan Páll Einarsson UMF. Snæfell 1998

Þorbergur Bæringsson UMF. Snæfell 2010

Haukur Sveinbjörnsson UMF. Eldborg 2012

Davíð Sveinsson UMF. Snæfell 2012

Þorsteinn Björgvinsson Skotgrund 2013

Leifur Kr. Jóhannesson Snæfelling 2013

Högni Bæringsson Snæfelling 2013

Frá UMFÍ

Gullmerki

Magnús Alexandersdóttir UMF. Snæfell 1992

Starfsmerki

Þórður Gíslason UMF. Staðarsveitar 1972

Stefán Ásgrímsson Íþróttafélag Miklaholtshrepps 1972

Ottó Árnason UMF. Víkingur 1972

Kristján Jónsson UMF. Eldborg 1972
Jón Pétursson UMF. Grundarfjarðar 1973
Jónas Gestsson UMF. Víking 1984
Pálmi Frímannsson UMF. Snæfell 1988
Hildur Sæmundsdóttir UMF. Grundarfjarðar 1996
Stefán Jóhann Sigurðsson UMF. Víking 1997
Guðrún A. Gunnarsdóttir UMF. Snæfell 1997
Sigurþór Hjörleifsson UMF. Snæfell 1997
Grétar D. Pálsson UMF. Snæfell 1997
Vilborg Lilja Stefánsdóttir UMF. Víking 1998
Eiður Björnsson UMF. Grundarfjarðar 1998
Bryndís Jónasdóttir UMF. Staðarsveit 1999
Garðar Svansson UMF. Grundarfjarðar 2000
Hjörleifur Kr. Hjörleifsson UMF. Snæfell 2003
Gunnar Svanlaugsson UMF. Snæfell 2003
Guðmundur Runólfsson UMF. Grundarfjarðar 2003
Vilhjálmur Pétursson UMF. Grundarfjarðar 2003
Margrét Þórðardóttir UMF. Staðarsveit 2004
María A. Valdimarsdóttir UMF. Snæfell 2006
Sigrún Ólafsdóttir UMF. Víking 2006
Gunnar Kristjánsson UMF. Grundarfjarðar 2008
Kjartan Páll Einarsson UMF. Snæfell 2008
Kristján Þórðarsson UMF. Staðarsveit 2009
Sesselja Pálsdóttir UMF. Snæfell 2010
Dagný Þórisdóttir UMF. Snæfell 2010
Anna María Reynisdóttir UMF. Grundarfjarðar 2013
Hallur Pálsson UMF. Grundarfjarðar 2013
Harpa Jónsdóttir 2014

Ýmsar upplýsingar

Fréttapunktur frá HSH

HSH hefur verið lykilaðili í SamVest samstarfinu frá upphafi. Haldnir voru 3 fundir með stjórnendum verkefnisins. Að auki voru vinnufundir vegna undirbúnings verkefna sem SamVest stóð fyrir á árinu.

Verkefni SamVest. Þátttaka í bikarkeppnum Frjálsíþróttasambands Íslands.

- 22. apríl: Samæfing SamVest í Kaplakrika Hafnarfirði, kl. 17.15. Fyrir 10 ára (árgangur 2006) og eldri.
- 23. apríl: Vinamót SamVest, HSK og FH í frjálsum, fyrir þau sem verða 11-14 ára á árinu. Kaplakrika, Hafnarfirði.
- 15.-16. júní: Æfingabúðir í frjálsum í Borgarnesi, fyrir 10 ára og eldri.
- 16. júní: Stutt "æfingamót" í Borgarnesi, með UMSB.
- 28. júní: Kvöldmót UDN, Búðardal. Allir velkomnir.
- 1.-3. júlí: Gautaborgarleikarnir, Svíþjóð. HHF sendir hóp út.
- 10. júlí (sunnud.): Héraðsmót HSS í frjálsum, Sævangi. Allir velkomnir.
- 12. júlí: Kvöldmót UDN, Búðardal. Allir velkomnir.
- Júlí-ó dags.: Samæfing í Borgarnesi (ekki haldin)
- 28. júlí-1. ágúst: Unglingalandsmót í Borgarnesi.
- 8. ágúst: Kvöldmót UDN, Búðardal. Allir velkomnir.
- 13. ágúst: Sumarmót SamVest, Völuvelli á Bíldudal. Allur aldur.
- 18. ágúst: Samæfing í Borgarnesi fyrir Bikarlið SamVest
- 21. ágúst: Bikarkeppni FRÍ, 15 ára og yngri, Laugardalsvelli.
- 18. nóv.: Samæfing SamVest í Kaplakrika, Hafnarfirði.
- 19. nóvember: Silfurleikar ÍR, Laugardalshöll.

Fundir á vegum UMFÍ og ÍSÍ voru nokkrir á árinu.

UMFÍ:

Sambandsráðsfundur UMFÍ, Laugum Sælingsdal, 15 okt 2016. Garðar Svansson sótti fundinn fyrir hönd HSH.

Vorfundur UMFÍ, Garðar sótti fundinn fyrir hönd HSH

Unglingamót UMFÍ Borgarnesi. Keppendur HSH voru 58. Landsmótsbúðir með UDN, UMSB og Skipaskaga.

Dagur sjálfboðaliðans. Móttaka að Bessastöðum í desember.

ÍSÍ:

Garðar Svansson á sæti í framkvæmdastjórn ÍSÍ síðan 2011.

Formannafundur ÍSÍ í nóvember, Garðar fulltrúi HSH.

Sóttir fyrirlestrar um íþróttatengd málefni.

Íþróttamaður 2016.

Felix, starfsskýrslur aðildarféлага.

Sérsambönd ÍSÍ. Sækja þing sérsambanda en HSH á fulltrúa á þingum sérsamband ÍSÍ. Æskilegt er að aðildarfélög sendi fulltrúa á viðkomandi þing en annars situr fulltrúi HSH þing. Almennings íþróttaverkefni ÍSÍ.

Samstarf íþróttahéraða.

HSH á fulltrúa í samstarfsnefnd íþróttahéraða sem fjallar um sameiginleg málefni þeirra. Á árinu voru haldnir 3 fundir og voru 2 þeirra í Reykjavík en einn á Ísafirði.

Starf heima í héraði.

Eftirfylgni með aðildarfélögum vegna skila á ársskýrslum til sambandsins ásamt skilum í felix, starfsskýrslu og félagatali ÍSÍ og UMFÍ.

Aðstoð við sameiginleg verkefni aðildarféлага ásamt útbreiðslu íþróttastarfs.

Mótahald, aðallega í frjálsum íþróttum

Formenn HSH

Guðmundur Illugason 1922-1931 Kolbeinsstaðarhrepp
Sveinbjörn Jónsson 1931-1939 Kolbeinsstaðarhrepp
Kristján Jónsson 1934-1944 Kolbeinsstaðarhrepp
Gunnar Guðbjartsson 1944-1947 Miklaholtshrepp
Bjarni Andrússon 1947-1954 Stykkishólmi
Sigurður Helgason 1954-1955 Stykkishólmi
Þórður Gíslason 1955-1961 Staðarsveit
Haukur Sveinbjörnsson 1961-1965 Kolbeinsstaðarhrepp
Jónas Gestsson 1965-1970 Stykkishólmi
Skúli Alexandersson 1970-1971 Hellissandi
Jón Pétursson 1971-1972 Stykkishólmi
Guðmundur Sigurmonsson 1973-1975 Staðarsveit
Gunnar Kristjánsson 1976-1977 Grundarfirði
Pálmi Frímannsson 1978 Stykkishólmi
Gylfi Magnússon 1979-1981 Ólafsvík
Jóhanna Leopóldsdóttir 1981-1983 Miklaholtshrepp
Magnús Alexandersdóttir 1983 Stykkishólmi
Ísleifur Jónsson 1984 Stykkishólmi
Ingi Hans Jónsson 1985-1988 Grundarfirði
Sesselja Pálsdóttir 1988 Stykkishólmi
Guðrún A. Gunnarsdóttir 1989-1991 Stykkishólmi
Hallur Pálsson 1991-1995 Grundarfirði
Eggert Kjartansson 1995-1998 Miklaholtshrepp
Guðmunda J. Hermannsd. 1998 Stykkishólmi
Vigfús Örn Gíslason 1998-2000 Ólafsvík
Krisín Halla Haraldsdóttir 2000 Grundarfirði
Guðmundur M. Sigurðsson 2000-2006 Kolbeinsstaðarhrepp
Garðar Svansson 2006- 2011 Grundarfirði
Hermundur Pálsson 2011-2014 Stykkishólmi
Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson 2016 – Stykkishólmi

Nefndir og ráð HSH

Blakráð HSH

Anna María Reynisdóttir - UMFG

B.Unnur Guðbjartsdóttir -UMFG

Eiríkur Gautason – Víking

Snædís Hjartardóttir - Víking

Elín Ragna Þórðardóttir – Snæfell

Frjálsíþróttaráð HSH

Sigurður Þórarinnsson - Snæfell

Eva Guðbrandsdóttir- Snæfell

Kristín Halla Haraldsdóttir- UMFG

Björg Ágústsdóttir – UMFG

Golfráð HSH

Haukur Þórðarson - GST

Garðar Svansson- GVG

Örvar Ólafsson- GJÓ

Eyþór Benediktsdóttir- GMS

Knattspyrnuráð HSH

Baldvin Leifur Ívarsson - Víking

Freydís Bjarnadóttir- UMFG

Jón Björgvin Sigurðsson- UMFG

Steindór Hjaltalín- Snæfell

Unnar Valby – Snæfell

Körfuknattleiksráð HSH

Gunnar Svanlaugsson- Snæfell

Davíð Sveinsson - Snæfell

Hermundur Pálsson – Snæfell

Þorbergur Bæringsson –Snæfell

Sundráð HSH

María Alma Valdimarsdóttir – Snæfell

Íris Ósk Jóhannsdóttir-Reyni

Aðildarfélög og formenn félaga

Umf. Snæfell stofnd. 23. október 1938

Form. Hjörleifur K. Hjörleifsson, Ásklif 11, 340 Stykkishólmi

Umf. Víkingur stofnd. 1928

Umf. Reynir stofnd. 16. júlí 1934

Form. Rán Kristinsdóttir Engihlíð, 2a, 355 Ólafsvík

Umf. Staðasveitar stofnd. 11. janúar 1912

Form. Ragnhildur Sigurðardóttir, Álftavatni, 356 Snæfellsbæ

Umf. Grundarfj. stofnd. 10. júlí 1933

Form. Ragnar Smári Guðmundsson, Sæbóli 1, 350 Grundarf.

Umf. Eldborg stofnd. 8. ágúst 1915

Form. Kristján Á. Magnússon, Snorrastöðum, 311

Skotfélag Snæfellsnes stofnd. 10. október 1987

Form. Jón Pétur Pétursson, Hrannarstíg 4, 350 Grundarfirði

Íþróttafél. Miklaholtsh. stofnd. 31. janúar 1937

Form. Harpa Jónsdóttir, Hjarðarfell, 311 Borgarnes

Hestamannafélagið Snæfellingur stofnd. 3. desember 1963

Form. Ásdís Sigurðardóttir, Eiðhúsum, 311 Borgarnes

Golfklúbbur Staðasv. stofnd. ágúst 1998

Form. Haukur Þórðarson Votalæk, 356 Snæfellsbæ

Golfklúbburinn Vestarr Stofnd. 27. júlí 1995

Form. Garðar Svansson, Ölkelduvegi 9, 350 Grundarfirði

Golfklúbburinn Mostri stofnd.13.nóvember1984

Form. Eyþór Benediktsson, Tangagötu 13, 340 Stykkishólmi

Golfklúbburinn Jökull stofnd. 21. júlí 1973

Form. Jón Bjarki Jónatansson, Naustabúð 11, 360 Hellissandur

Lottó/úthlutunarreglur HSH

1. 42% til HSH

2. 58 % til félaganna, sem skiptist á eftirfarandi hátt:

a) 5% jafnt milli félaga.

b) 15% skiptast milli starfandi félaga, eftir fjölda félagsmanna.

Starfandi telst félag sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

1) Heldur aðalfund samkvæmt félagslögum.

2) Skilar fullnægjandi skýrslum.

3) Sendir fulltrúa á þing HSH og sambandsráðsfundi.

4) Stendur fyrir virku félags-og íþróttastarfi.

c) 5% skiptist milli þeirra félaga sem senda fulltrúa á héraðsþing HSH.

Þessi greiðsla sé í réttu hlutfalli við fjölda mætttra fulltrúa hvers félags.

d) 65% skiptist hlutfallslega milli félaga eftir reiknuðum íbúafjölda á félagssvæði hvers félags. Reiknuð íbúatala skal ekki vera hærri en þreföld félagstala hvers félags og ekki hærri en skráður íbúafjöldi skv. manntali 1.desember næstliðisins árs.Félög sem starfa á öllu félagssvæði HSH skulu fá reiknaðan íbúafjölda sem er íbúafjöldi svæðisins deilt með fjölda sveitarfélaga.

e) 10% renni til Landsmótssjóðs HSH.

Stærð félaga og tekjur af lottói

Félag	Félagar	jan-feb	mars-apr	mái-júní	júl-ág	sept-okt	nóv-des	Samtals	skinfaxi	Skattur	Verðlaun	frádráttur 2016	Útborgað	félagar 16+
Eldborg	77	11187	7484	5695	6999	9068	4881	45.316	1990	11250		32076	0	75
ÍM	91	12663	8472	6447	7923	10265	5525	51.296	1990	13650		35656	0	91
Umf. Staðarsv.	109	14228	9519	7243	8902	11533	6208	57.634	1990	13950			41.694	93
G. Staðarsv.	40	9348	6254	4759	5849	7577	4079	37.866	1990	5850			30.026	39
Skotgrund	36	8574	5152	3920	4818	6242	3360	32.066	1990	5400			24.676	36
Reynir	146	30860	18275	13907	17091	22143	11919	114.194	1990	13350			98.854	89
Víkingur	742	76516	51191	38954	47873	62024	33386	309.944	1990	83700			224.254	558
UMFG	653	73806	49378	37574	46177	59826	32203	298.964	1990	80100			216.874	534
Snæfell	594	82525	55211	42013	51632	66894	36007	334.281	1990	65400			266.891	436
Golfkl. Jökull	48	10896	7289	5547	6817	8832	4754	44.135	1990	7050			35.095	47
Golfkl. Vestarr	73	18751	12545	9546	11732	15199	8181	75.954	1990	10200		63764	0	68
Golfkl. Mostri	149	31440	21034	16006	19670	25485	13718	127.353	1990	19350			106.013	129
Íþrd. Snæfellingssv.	172	37902	25357	19296	23713	30723	16537	153.529	1990	21900			129.639	146

Landsmótssjóður

48307 32318 24593 30223 39157 21077

195.676

SAMTALS:	2.986	483069	320228	243680	299470	387992	208846	1.747.609	29850	359550	0	131496	1.174.014	2397
----------	-------	--------	--------	--------	--------	--------	--------	-----------	-------	--------	---	--------	-----------	------

Lög HSH

1. KAFLI

TILGANGUR, MARKMIÐ OG HLUTVERK

1. GREIN

Sambandið heitir Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, skammstafað HSH.

Heimili þess og varnarþing er Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

2. GREIN

Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu er samtök ungmenna- og íþróttafélaga, og annarra slíkra félaga, sem vinna að sömu markmiðum á starfssvæði héraðsnefndar Snæfellinga.

Tilgangur HSH er að hafa forystu um sameiginleg hagsmunamál aðildarfélaganna, efla samvinnu þeirra, svo og að vera fulltrúi þeirra jafnt utan héraðs sem innan.

3. GREIN

Markmið HSH er að sameina íbúa héraðsins um að efla og vernda sjálfstæði Íslendinga.

Markmiði sínu hyggst sambandið ná með eftirfarandi stefnuskrá:

- a) Að starfa í anda friðar, jafnréttis og menningarhugsjóna.
- b) Að vinna að bindindi og útrýmingu skaðnautna.
- c) Að vinna að náttúruvernd og bættri umgengni við landið.
- d) Að glæða með fólki áhuga fyrir verndun móðurmálsins og sögu þjóðarinnar.
- e) Að efla með fólki tryggð og rækt við heimili, áttuga og ættjörð.
- f) Að efla íþróttir og viðhalda þeim meðal félaga innan sambandsins, með því að styrkja íþróttanámskeið og halda íþróttamót, þar sem fari fram íþróttakeppni og íþróttasýningar, svo oft sem héraðsþing og stjórn telur nauðsynlegt og framkvæmanlegt.
- g) Að efla í hvívetna almenna fræðslu og uppeldisstarf.
- h) Að vinna að kynningu æskunnar á sambandssvæðinu og hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins menningarþroska, m.a. með heilbrigðum skemmtunum og málfundastarfsemi.
- i) Að vinna að jafnrétti allra manna.
- j) Að vinna að öðru leyti samkvæmt stefnuskrá UMFÍ og ÍSÍ.

4. GREIN

Hlutverk héraðsambandsins er:

- a) Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera fulltrúi ÍSÍ og UMFÍ, en sérráð er stofnuð er fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
- b) Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar- bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- c) Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt.
- d) Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
- e) Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfsins innan héraðs.
- f) Að staðfesta lög aðildarfélaga.
- g) Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal stjórn héraðsambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

2. KAFLI

RÉTTINDI OG SKYLDUR AÐILDARFÉLAGANNA

5. GREIN

Öll félög, sem vinna að sömu markmiðum og HSH og hafa aðsetur í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, hafa réttindi til að gerast aðilar að sambandinu, enda fullnægi þau þeim skilyrðum, sem sett eru á hverjum tíma

6. GREIN

Skilyrði fyrir inngöngu í héraðssambandið er:

- a) Félagið vinni að sömu markmiðum og HSH.
- b) Að félagið sendi lög sín, skýrslur um stofndag, félagafjölda og stjórn félagsins til stjórnar HSH og að lögin séu í samræmi við lög og reglur HSH, ÍSÍ og UMFÍ
- c) Þegar félag hefur uppfyllt öll ákvæði og skyldur, nýtur það þegar keppnisréttar á mótum HSH, en annarra réttinda nýtur félagið ekki fyrr en sex mánuðum eftir að héraðsþing HSH hefur samþykkt inngöngu þess í sambandið.

7. GREIN

Öllum sambandsfélögum er skylt að halda skrá yfir félaga sína. Í skránni skal standa nafn, kennitala og hvenær viðkomandi gekk í félagið. Sambandsfélögin skulu senda HSH afrit og breytingar á skránni með starfsskýrslum .

8. GREIN

Héraðsþing HSH ákveður skattgreiðslur félaga. Skatt þurfa félög að inna af hendi til HSH fyrir árslok ár hvert og miðast skattgreiðslur við tölu skattskyldra félaga, 16 ára og eldri, eins og þeir voru í skýrslu síðastliðins árs. Skýrslu- og reikningsár HSH er almanaksárið.

9. GREIN

Sambandsfélög HSH skulu senda yfirlitsskýrslur yfir störf síðastliðins árs fyrir 15. janúar hvert ár, til birtingar í ársskýrslu HSH. Í þessari yfirlitsskýrslu komi fram það helsta, sem gerðist á árinu innan viðkomandi félags.

10. GREIN

Félög, sem ekki hafa greitt lögboðin gjöld eða sent ársskýrslur fyrir 15. apríl missa atkvæðisrétt sinn á næsta héraðsþingi HSH. Hafi skýrslur eða gjöld ekki borist næsta ár á eftir, skal héraðsþing taka ákvörðun um hvort félaginu skuli vikið úr sambandinu og ef ekki, hvort og þá hvernig skuli refsa því.

11. GREIN

Víkja má félagi úr HSH um stundarsakir ef það brýtur gildandi lög, reglur eða ákvæði HSH og/eða lög sérsambanda, sem sambandið á aðild að.

12. GREIN

Félag, sem misst hefur réttindi sín, getur ekki öðlast þau aftur, nema það fullnægi settum refsíákvæðum, eða ef um vanskil er að ræða, gert full skil.

13. GREIN

Vilji félag ganga úr sambandinu skal það senda skriflega úrsögn fyrir héraðsþing. Er úrsögn ógild ef síðar kemur. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins. Einnig sé það með öllu skuldlaust við sambandið.

3. KAFLI **STJÓRN HSH**

14. GREIN

HSH er stjórnað af þessum aðilum:

- a) Héraðsþingi.
- b) Stjórn.

15. GREIN

Héraðsþing HSH er fulltrúaþing og hefur hvert félag rétt til að senda:

2 fulltrúa fyrir fyrstu 50 félagsmenn

3 fulltrúa fyrir hverja 51-150 félagsmenn

4 fulltrúa fyrir hverja 151-300 félagsmenn

5 fulltrúa fyrir hverja 301- félagsmenn

Aðrir þingfulltrúar skulu skráðir á kjörbréf, sem stjórn HSH leggur til.

16. GREIN

Héraðsþing HSH skal halda fyrir 15. apríl ár hvert. Til þess skal boða með ábyrgðarbréfi eða í símskeyti með 30 daga fyrirvara. Skriflegt fundarboð, síðara fundarboð skal senda með eigi minna en einnar viku fyrirvara stjórnnum allra sambandsfélaga og sérráða HSH og skal fylgja því dagskrá þingsins svo og framkomnar tillögur um lagabreytingar og önnur mál. Héraðsþing er löglegt sé löglega til þess boðað og helmingur kjörinna fulltrúa mættur.

17. GREIN

Á héraðsþingi HSH eiga sæti fulltrúar þeir, sem sambandsfélögin hafa kjörið til þingsetu eftir ákvæðum 16. greinar. Heimild til þingsetu með tillögurétti og málfrelsi hafa, auk stjórnar HSH, fulltrúar frá landssamtökum og sérsamböndum, sem HSH á aðild að, svo og fulltrúar ríkis, sveitarfélaga og sýslu um æskulýðs- og íþróttamál.

18. GREIN

Tilhögun héraðsþingsins skal vera þessi:

1. Þingsetning.

2. Tilnefning þingforseta, varaþingforseta og tveggja þingritara.

3. Skipun kjörbréfanefndar.

4. Skýrsla stjórnar.

5. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.

6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til samþykktar.

7. Kosning nefnda þingsins:

a) Fjárhagsnefnd.

b) Íþróttanefnd.

c) Allsherjar- og laganefnd.

8. Ávörp gesta

19. Fjárhagsáætlun lögð fram.
10. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda.
11. Nefndarstörf.
12. Nefndaálit, umræður og atkvæðagreiðslur.
13. Kosningar:
 - a) Formaður HSH
 - b) Aðrir í stjórn og varastjórn.
 - c) Tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
 - d) Ráð og nefndir skv. gildandi samþykktum og reglugerðum.
 - e) Uppstillinganefnd, 4 af formönnum aðildarfélaga HSH, sem starfar fram að næsta héraðsþingi.
 - f) Kosning fulltrúa á Íþróttahring ÍSÍ
14. Önnur mál.
15. Þingslit.

Öllum meiriháttar málum skal vísað til nefnda. Fjárhagsnefnd skal fjalla um reikninga, reikningsyfirlit og fjárhagsáætlun næsta árs.

19. GREIN

Við atkvæðagreiðslu almennra mála á héraðsþingi HSH og í kosningum ræður einfaldur meirihluti atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta sömu fulltrúa. Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi.

20. GREIN

Aukaþing skal halda ef:

- a) Tilmæli koma frá stjórnnum landssamtaka.
- b) Tilmæli koma frá a.m.k. 2/5 sambandsfélaganna.

21. GREIN

Í stjórn HSH eiga sæti 5 menn; formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi, sem kjörnir eru af Héraðsþingi HSH. Kosinn skal formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til 2 ára. Formenn aðildarfélga HSH skipti með sér setu í varastjórn, 4 formenn eitt ár í senn.

22. GREIN

Stjórn HSH skal gera ráðum sambandsins erindisbréf að loknu héraðsþingi. Í erindisbréfum ráða skulu koma fram sérstök verkefni viðkomandi ráðs á starfsárinu.

23. GREIN

Stjórn HSH skal halda sambandsráðsfund með formönnum sambandsfélaga og ráða. Að hausti, á haustfundi skal sumarstarfið metið og gerð áætlun um störf vetrarins eftir því sem við verður komið.

24. GREIN

Stjórn HSH getur skipað nefndir innan sinna vébanda til þess að sjá um framkvæmd einstakra mála. Einnig getur hún falið félagi ákveðin verkefni, sem því er skylt að leysa af hendi svo vel sem því er unnt. Stjórn HSH skal semja fyrirfram við viðkomandi félag um skiptingu kostnaðar vegna verkefnisins.

25. GREIN

Gera skal skýrslur um öll íþróttamót og senda til stjórnar HSH sem skal veita þeim viðtöku og geyma í skjalasafni sínu. Stjórn HSH skal skylt að senda sambandsfélögum sínum afrit af öllum fundum sínum, svo og skýrslur af mótum sambandsfélaganna.

26. GREIN

Lögum þessum breytt 23 febrúar 2010 og öðlast þegar gildi

Reglugerð um íþróttamann HSH

1.grein

Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu veitir árlega heiðursviðurkenninguna „ÍÞRÓTTAMAÐUR HSH“ þeim íþróttamanni á sambandsvæði HSH, sem þótt hefur skara fram úr á íþróttasviðinu á því ári. Viðurkenning þessi er tengd minningu Pálma Frímannssonar.

2.grein

Þeim íþróttamanni sem valinn er „íþróttamaður HSH“ skal afhentur bikar til varðveislu í eitt ár. Auk þess skal hann fá minni grip til eignar.

3.grein

Aðildarfélög HSH skili árlega tilnefningu eins íþróttamanns hverrar iðkaðrar greinar viðkomandi félags, til aðalstjórnar eigi síðar en 10. nóvember. Með tilnefningunni skal fylgja greinargerð um íþróttalegan árangur, svo sem met, ástundun við æfingar og fl. Miðað skal við viðkomandi sé 15 ára og eldri. Hvert fagráð velur íþróttamann sinnar greinar úr tilnefningum sem borist hafa frá aðildarfélögum.

4.grein

Aðalstjórn HSH kalli saman kjörfund vegna íþróttamanns HSH eigi síðar en 10 desember ár hvert. Atkvæðisrétt á fundinum hafi stjórn og varastjórn HSH. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

5.grein

Kosning fari þannig fram, kjörmenn riti 3 nöfn á sinn kjörseðill. Kjörseðill telst einungis gildur með 3 nöfnum. Ef 2 eða fleiri eru jafnir að kosningu lokinni skal kjósa milli þeirra þar til úrslit fást.

6.grein

Útnefning íþróttamanns HSH fari fram á héraðsþingi HSH eða við annað tækifæri sem stjórn ákveði.

Breytt á 73 þingi HSH.

Skýrslur aðildarfélaga HSH

Ungmennafélag Grundarfjarðar



Ungmennafélag Grundarfjarðar heldur úti 6 íþróttagreinum fyrir börn fædd frá árinu 2002 til ársins 2016. Á vegum félagsins starfa 6 þjálfarar sem sjá um þjálfun í blaki, fimleikum, fótbolta, frjálsum, körfubolta auk íþróttaskóla fyrir yngsta aldurshópinn.

Félagið heldur úti um 25 tímum á viku í Íþróttahúsi Grundarfjarðar yfir vetrartímann, yfir sumartímann heldur félagið utan um fótbolta, sund og frjálssar.

Ungmennafélagið gefur iðkendum möguleika á að æfa og keppa í frjálsum íþróttum með HSH og eru mörg mót á vegum Sam-Vest sem krakkarnir okkar sækja. Í fótbolta keppa krakkarnir okkar undir merkjum Snæfellsnes-samstarfsins ásamt Snæfell Stykkishólmi, Víkingi Ólafsvík og Reyni Hellissandi. Félagið hefur boðið iðkendum sínum að sækja mót í fimleikum og einnig hefur iðkendum í körfubolta boðist að keppa með körfuboltadeild Snæfells.

Félagið tók að sér að setja saman tómstundatöflu fyrir Grundfirðinga veturinn 2017-2018. Það var gert til þess að forðast árekstra milli tómstundastarfs sem í boði er fyrir börn og unglinga í bæjarfélaginu svo sem íþróttir hjá UMFG, skátastarfi, kirkjuskóla o.s.frv. Með tómstundartöflu á unga fólkið okkar frekari möguleika að sækja allar þær tómstundir sem í boðið eru á svæðinu. Síðasta vetur var fjárfest í flottri fimleikadýnu sem nýst hefur vel við æfingar í fimleikum. Einnig var samþykkt að greiða ½ kostnaðar við framkvæmd á malbikun á íþróttavellinum fyrir stökkgrýfjur. Þessi framkvæmd skilar margfalt betri aðstöðu til iðkunar á frjálsum íþróttum. Ungmennafélagið hélt utan um 17. júní hátíð fyrir Grundarfjarðarbæ eins og fyrri ár með myndarbrag. Þar var boðið uppá sápubolta, froðurennibraut í samstarfið við slökkviliðið og ýmsar aðrar uppákomur. Mikil ánægja var með hátíðina.

Hátíðin á Góðri stundu var haldin í lok júlí. UMFG sá um að manna 2 stöður í dyravörslu ásamt því að halda úti sjoppu á hátíðarsvæðinu.

Nær allir nemendur Grunnskólans eru skráðir félagar í UMFG og æfa eina eða fleiri íþróttagreinar hjá félaginu. Öflug starfsemi félagsins eykur því verulega lífsgæði íbúa Grundarfjarðar.

Hestamannafélagið Snæfellingur



Það hefur verið mikil gróska hjá hestamönnum þar sem 2 reiðskemmur risu á svæðinu fyrir félagsmenn og mjög spennandi tímar framundan.

Stjórn Snæfellinga

Aðalfundur Snæfellinga haldinn í Klifi í Ólafsvík. Þá voru kjörin í stjórn Sölvi Konráðsson Ólafsvík, meðstjórnandi og Hlynur Haltason Stykkishólmi, en aðrir í stjórn eru formaður Ásdís Ólöf Sigurðardóttir í Hrísdal í Eyja- og Miklaholtshreppi, Herborg Sigríður Sigurðarsóttir Bjarnarhöfn í Helgafellssveit, ritari, Ólafur Tryggvason Grundarfirði, gjaldkeri. Stjórnin hélt reglulega fundi.

Félagsstarfið

Haldin var vel heppnuð folaldasýning í Grundarfirði.

Það var haldin fjölsótt folaldasýning í samstarfi við hestamiðstöðina í Söðulsholti.

Það voru einnig ýmis námskeið haldin bæði í Snæfellingshöllinni og í Söðulsholti.

Mót

Nokkrir félagsmenn tóku þátt í KB mótaröðinni í Borgarnesi og gekk það vel.

Íþróttamót í Stykkishólmi laugardaginn 23. apríl 2016

Tókst það mjög vel og þökkum við öllum fyrir vel unnin störf og fyrir aðstöðuna og aðstoðina. Einnig þökkum við þeim sem styrktu mótið.

Hestaþing Snæfellinga var haldið í Grundarfirði laugardaginn 20. ágúst.

Gæðingamót Snæfellinga 2016 fór fram í Grundarfirði 20. ágúst í góðu veðri.

Þátttaka var góð og gekk mótið vel í alla staði. Keppt var í öllum flokkum og þökkum við öllum þeim sem störfuðu með okkur og gerðu þetta að góðu móti.

Hestur mótsins var valinn Atlas Frá Lýsuhóli

Hryssa mótsins var Urð frá Bergi

Knapi mótsins var valin Hrefna Rós Lárusdóttir

Efnilegasti knapinn var valin Guðný Margrét Siguroddsdóttir

Hestamannafélögin á Vesturlandi héldu sameiginlega úrtöku fyrir LM var haldin í Borgarnesi 11. og 12. Júní.

Fulltrúar Snæfellinga voru:

A flokkur

Atlas frá Lýsuhóli og Jóhann Ragnarsson

Uggi frá Bergi og Viðar Ingólfsson

Sól frá Reykhólum og Hrefna Rós Lárusdóttir

B flokki

Steggur frá Hrísdal og Siguroddur Pétursson

Feykir frá Ey og John Sigurjónsson

Móalingur frá Bergi og Jón Bjarni Þorvarðarson

Ungmennaflokkur

Guðný Margrét Siguroddsdóttir og Reykur frá Brennistöðum

Borghildur Gunnarsdóttir og Gára frá Snjallsteinshöfða

Gunnar Gunnarsson og Hamar frá Ólafsvík

Unglingaflokkur

Fanney O. Gunnarsdóttir og Sprettur frá Brimilsvöllum

Inga Dís Víkingisdóttir og Ábóti frá Söðulsholti

Róbert Vikar Víkingsson og Melódía frá Sauðárkróki

Barnaflokkur

Fjóla Rún Sölvadóttir og Fjöður frá Ólafsvík

Tinna Guðrún Alexandersdóttir og Garpur Ytri-Kóngsbakka

Hafdís Lóa Sigurbjörnsdóttir og Lotning frá Minni-Borg

Landsþing LH haldið í Stikkishólmi

Landsþing hestamanna var haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október og gekk það mjög vel í alla staði og vel skipulagt.

Reiðskemmur

Stjórn Snæfellinga ákvað að veita styrki í framkvæmdir á reiðskemmum bæði í Stykkishólmi og Ólafsvík. Skriðfað var undir tilboð í húsin frá Límtré Vírnet á Íslandsmóti yngriflokka í Borgarnesi í júlí. Hafa þær framkvæmdir gengið vel og eftir hestamennskuna á svæðinu.

Uppskeruhátíð Snæfellinga

Uppskeruhátíð Snæfellinga var haldin í Klifi í Ólafsvík 26. nóvember og áttum við saman skemmtilega kvöldstund.

Við þökkum þeim hestamönnum í Ólafsvík að taka á móti okkur.

Happdrættið er orðin eins og hefð hjá okkur og vekur alltaf mikla lukku. Nokkrir folatollar voru í verðlaun ásamt fjölbreyttum öðrum verðlaunum, þökkum við þeim kærlega sem gáfu okkur vinninga í happdrættið.

Veittar voru viðurkenningartilknápa, kynbóta hrossa, þotuskjöldinn og ræktunarbú Snæfellinga sem að þessu sinni var Berg. Óskum öllum þeim sem hlutu viðurkenningar, innilega til hamingju.

Hvatningaverðlaun barnaflokkur

Tinna Guðrún Alexandersdóttir (vantar á mynd)

Fjöla Rún Sölvadóttir

Hafdís Lóa Sigurbjörnsdóttir

Gísli Sigurbjörnsson

Hvatningaverðlaun Unlingaflokkur

Inga Dís Víkingisdóttir

Róbert Vikar Víkingsson

Fanney O Gunnarsdóttir

Brinja Gná Heiðarsdóttir

Hvatningaverðlaun Ungmennaflokkur

Guðný Margrét Siguroddsdóttir

Borghildur Gunnarsdóttir

Gunnar Gunnarsson

Hestaíþróttamaður Snæfelling

Siguroddur Pétursson

Kynbótahross

Hryssur

4 vetra Ásjá frá Brautarholti, aðaleiunn 8.02 – ræktandi Snorri Kristjánsson

5 vetra Drápa frá Brautarholti, aðaleiunn 7,93 – ræktendur Þrándur, Björn og Snorri Kristjánssynir

6 vetra Hafdís frá Bergi, aðaleiunn 8.15 – ræktendur Anna Dóra Markúsdóttir og Jón Bjarni Þorvarðarson

7 vetra Brynglöß frá Brautarholti, aðaleiunn 8.27 – ræktandi Snorri Kristjánsson

Hestar

4 vetra, Sægrímur frá Bergi, aðaleiunn 8.31 – ræktandi Jón Bjarni Þorvarðarson

5 vetra, Goði frá Bjarnarhöfn, aðaleinkunn 8.46 - ræktandi Brynjar Hildibrandsson

6 vetra, Hildingur frá Bergi, aðaleinkunn 8.41 - ræktandi Anna Dóra Markúsdóttir

7 vetra , Bruni frá Brautarholti, aðaleinkunn 8.47 - ræktandi Snorri Kristjánsson

Ræktunar bú



Berg - Anna Dóra Markúsdóttir og Jón Bjarni Þorvarðarson

Þotuskjöldurinn



Í ár var það Nadine E. Walter sem hlaut þotuskjöldinn fyrir ómetanlegt starf í æskulíðsmálum.

UMF Víkingur/Reynir



Víkingur/Reynir sér um barna- og unglingastarf á vegum ungmennafélaganna Víkinga í Ólafsvík og Reynis á Hellissandi. Ungmennafélagið Reynir var stofnað árið 1934 og Víkingur árið 1928. Síðastliðin ár hafa félögin unnið saman í góðu samstarfi og

munu áfram koma til með að gera áfram.

Ein stjórn er yfir félögunum og vinna allir saman að heilbrigðri og fjölbreyttri íþróttaiðkun í Snæfellsbæ. Í stjórn Víkinga/Reynis eru Rán Kristinsdóttir, Garðar Kristjánsson, Margrét Sif Sævarsdóttir, Þórhalla Baldursdóttir, Hrafnhildur Arna Árnadóttir, Berglind Magnúsdóttir og Ari Bent Ómarsson. Framkvæmdarstjóri félagsins er Þorsteinn Haukur Harðarson.

Tímabilið 2016-2017 var boðið upp á knattspyrnu, sund, frjálsar íþróttir og körfuknattleik og var starfið heilt yfir með afar sambærilegum hætti og verið hefur undanfarin ár.

Knattspyrna:

Knattspyrnan var með sambærilegu sniði og verið hefur undanfarin ár. Björn Sólmar Valgeirsson sá um þjálfun á kvennaflokkum félagsins en karlamegin voru það Ejub Purisevic og Suad Begic sem sáu um þjálfunina. Líkt og undanfarin ár var stór hluti iðkenda okkar sem æfði knattspyrnu en yngri flokkar félagsins keppa á mótum undir merkjum Snæfellsnessambandsins sem er samstarfsverkefni milli Snæfellsbæjar, Grundarfjarðar og Stykkishólms. Sökum plássleysis hafa flokkar þurft að æfa saman líkt og undanfarin ár.

Í sumar aðstoðuðu margir leikmenn meistaraflokks karla á æfingum og nutu krakkarnir góðs af því.

Á veturna er æft í íþróttahúsi Snæfellsbæjar en þegar fer að vora er æft á Hellissandsvelli.

Sund:

Það hefur verið uppgangur í sundinu undanfarin ár og það hélt áfram í vetur. Helen Billington sá um sundæfingarnar veturinn 2016-2017 en síðan tók Cristian Martinez Liberato við kennslunni. Krökkunum var skipt í tvo hópa eftir aldri og fóru æfingarnar fram í sundlaug Snæfellsbæjar í Ólafsvík. Stelpur og strákar æfa saman.

Frjálsar íþróttir:

Frjálsar íþróttir hafa notið vaxandi vinsælda í Snæfellsbæ að undanfögnu og uppvöxturinn heldur áfram. Eva Kristín Kristjánsdóttir sá um kennsluna og eins og í sundinu er krökkunum skipt í tvo hópa eftir aldri. 1-4 bekkur annarsvegar og 5-10 bekkur hinsvegar.

Körfuknattleikur:

Það var ekki mikið af iðkendum í körfubolta þennan veturinn og að honum loknum var ákveðið að halda ekki áfram að bjóða upp á æfingar í körfuknattleik. Lára Magnúsdóttir sá um þjálfunina og æfingarnar fóru fram í íþróttahúsi Snæfellsbæjar

Fjáröflun:

Íþróttastarf kostar töluverða fjármuni og til að standa straum af ýmsum kostnaði höfum við verið með fjáraflanir. Við sjáum um rekstur sjoppu á heimaleikjum meistaraflokks karla og kvenna. Þá erum við einnig með sölu á klósettpappír og jólatrjám auk dósasöfnunar svo eitthvað sé nefnt.

Er það okkar mat að vel sé staðið að málum hjá okkur þrátt fyrir að við séum ekki stærsta félag á landinu. Samstarf milli okkar og foreldra iðkenda hefur almennt verið mjög gott, sérstaklega þegar kemur að skipulagningu keppnisferða.

Metnaður okkar liggur í að halda áfram að byggja ofan á öflugt íþróttastarf í Snæfellsbæ.

Starfsskýrsla meistaraflokks kvenna 2017

Meistaraflokkur kvenna hjá Víkingi Ólafsvík heldur áfram að vaxa og dafna en í ár tefldi félagið fram kvennaliði á Íslandsmóti í meistaraflokki fimmta árið í röð. Liðið spilaði í 1. Deild.

Eftir tímabilið 2016 urðu breytingar á stjórn meistaraflokkskvenna en í ár sátu Guðlaugur Mímír Brynjarsson, Harpa Finnsdóttir, Ásdís Lilja Pétursdóttir og Vilberg Ingi Kristjánsson í stjórninni. Björn Sólmar Valgeirsson þjálfaði liðið og honum til aðstoðar var Einar Magnús Gunnlaugsson.

Liðið tók þátt í tveimur mótum á undirbúningstímabilinu, Faxaflóamótinu og Deildarbikarnum. Þar tefldi Víkingur fram ungu liði og náði ekki að sigra leik.

Rétt fyrir Íslandsmótið mættust Víkingur og Þróttur í hörkuleik í Borgunarbikarnum sem lauk með naumum 1-0 sigri Þróttara.

Við upphaf Íslandsmótsins var liðið fyrir miklu áfalli þegar Samira Suleman, fyrirliði og markahæsti leikmaður liðsins, greindist með stórt æxli í maganum. Nokkrum vikum eftir greininguna fór Samira í aðgerð á Akranesi þar sem 1.400 gr æxli var fjarlægð. Samira kom því ekki meira við sögu hjá liðinu um sumarið en lauk þó lyfjameðferð í Ólafsvík og er á batavegi.

Þegar upp kom um veikindi Samiru var samstundis tekin ákvörðun um að hjálpa henni með öllum mögulegum ráðum. Þá var ákveðið að halda söfnun sem gekk vonum framar en auk bæjarbúa í Snæfellsbæ voru mörg kvennalið á landinu sem lögðu sitt af mörkum í söfnunina.

Samira kom til liðsins frá Ghana en með henni voru tveir samlandar hennar, Mary Esiful og Janet Egyr. Báðar léku þær stórt hlutverk með liðinu í sumar.

Heilt yfir var liðið sem Víkingur Ólafsvík notaði í Íslandsmótinu ungt en meðalaldur liðsins í sumar var sá lægsti í deildinni eða rétt um 17 ár. Elsti leikmaður liðsins var Freydís Bjarnadóttir en sá yngsti var Aníta Ólafsdóttir. Fjölmargar stelpur í liðinu léku bæði með þriðja flokki og meistaraflokki. Þá voru einnig stelpur sem voru gjaldgengar með fjórða flokki félagsins.

Þrátt fyrir góða spilamennsku á löngum köflum í sumar var það hlutskipti Víkings að falla um deild og spilar liðið því í 2. deild á næsta tímabili. Liðið lék 18 leiki á Íslandsmótinu og vann þrjá, gerði tvö jafntefli og tapaði 13 leikjum. Liðið skoraði 12 mörk, fékk 46 mörk á sig og hafnaði í 9. sæti af 10 liðum.

Alls komu 28 leikmenn kvennaliðsins við sögu á Íslandsmótinu í sumar en fjölmargir þeirra voru ekki í fótboltanum af fullri alvöru og tóku einungis þátt í örfáum leikjum. Tveir erlendir leikmenn, hin sænska Johanna Engberg og hin norska Stine Lossius, komu tímabundið til liðsins og léku sitthvora fjóra leikina með liðinu.

Birta Guðlaugsdóttir, Fehima Líf Purisevic, Janet Egyr, María Ósk Heimisdóttir og Mary Essiful léku alla 18 leiki Víkings á Íslandsmótinu í sumar.

Markahæstar voru þær Birgitta Sól Vilbergsdóttir, Johanna Engberg, Fehima Purisevic, Unnbjörg Jóna Ómarsdóttir og Mary Essiful með tvö mörk hver. Kolfinna Ólafsdóttir og Regína Sigurjónsdóttir skoruðu svo sitthvort markið.

Ungu stelpurnar í liðinu vöktu verðskuldaða athygli fyrir framgöngu sína og voru nokkrar þeirra viðloðnar yngri landslið Íslands. Aníta Ólafsdóttir, markvörður, var valin á úrtaksæfingar U-16 ára landsliðsins og þær Fehima Purisevic og Birta Guðlaugsdóttir æfðu með U-17 landsliðinu. Birta var síðan í lykilhlutverki með landsliðinu sem tók þátt í mótum á erlendri grundu og þótti hún standa sig með prýði. Birta var síðan útnefnd íþróttamaður ársins hjá Víkingi.

Nokkrar breytingar hafa nú þegar orðið eftir að tímabilinu lauk. Stúlkurnar frá Ghana eru farnar heim og ekki er gert ráð fyrir því að þær komi aftur. Þá samdi Birta Guðlaugsdóttir við Stjörnuna í Garðabæ. Þegar þetta er skrifað eru þjálfaramál liðsins ekki komin á hreint.

Ný stjórn tekur til starfa og er það stefna hennar að halda áfram að skapa öflugna hefð fyrir kvennaknattspyrnu á Snæfellsnesi og mun félagið kappkosta að senda samkeppnishæft lið til keppni í 2. deildinni næsta sumar.

Starfsskýrsla Meistaraflokks karla 2017

Sumarið 2017 spilaði karlalið Víking Ólafsvík í Pepsídeildinni annað árið í röð og í þriðja skiptið á fimm árum.

Í stjórn knattspyrnudeildar sátu Jónas Gestur Jónasson, formaður, Hilmar Hauksson, Kristmundur Sumarliðason, Gunnar Helgi Baldursson, Marinó Mortensen og Gunnsteinn Sigurðsson.

Áfram urðu töluverðar breytingar á leikmannahópi liðsins á milli ára. Nacho Heras Anglada, Alonso Sanchez, Kwame Quee, Eric Kwakwa, Mirza Mujic, Guðmundur Steinn Hafsteinsson, Hörður Ingi Gunnarsson og Gunnlaugur Hlynur Birgisson komu nýir inn fyrir tímabilið. Gunnlaugur Hlynur og Guðmundur Steinn höfðu áður verið á mála hjá liðinu og snéru aftur eftir nokkura fjarveru.

Alonso, Hörður og Mirza yfirgáfu félagið á miðju tímabili og í þeirra stað komu litháensku bræðurnir Eivinas og Gabriellus Zarguskas.

Gengi liðsins á undirbúningstímabilinu var fremur brösugt en þar sem margir leikmenn voru ekki komnir til félagsins var notast við unga og efnilega heimamenn í flestum leikjum á vormánuðum. Áður en Íslandsmótið hófst fór Víkingur í æfingaferð til Spánar þar sem liðið sigraði Keflavík og gerði jafntefli við Stjörnuna.

Íslandsmótið hófst á töpum gegn Val og KR áður en liðið vann sinn fyrsta leik gegn Grindvíkingum í þriðju umferð. Eftir sex leiki var Víkingur í erfiðum málum með þrjú stig en liðið sótti svo 10 stig í næstu fimm leikjum þar á eftir. Má þar helst nefna frækna sigra gegn sterkum liðum FH og Stjörnunnar auk þess sem Víkingar unnu vesturlandsslaginn gegn ÍA á heimavelli.

Síðar átti liðið eftir að vinna tvo leiki til viðbótar, gegn Grindavík og ÍBV en liðið fékk að lokum 22 stig og setti persónulegt stigamet í efstu deild Íslandsmótsins. Það dugði því miður ekki til áframhaldandi veru í deild þeirra bestu og liðið mun því spila í Inkasso deildinni að ári. Guðmundur Steinn Hafsteinsson var markahæstur í liði Víkings með 8 mörk en hann var þónokkuð meiddur undir lok mótsins. Næstur á eftir honum var Kenan Turudija með fimm mörk. Kenan ákvað eftir tímabilið að söðla um og mun leika með Selfyssingum á næsta ári.

Alls skoraði liðið 24 mörk og fékk á sig 44 í 6 sigurleikjum, fjórum jafnteflum og 12 tapleikjum í sumar.

Alls komu 23 leikmenn við sögu fyrir Víking í deildinni í sumar en einungis tveir þeirra, Cristian Martinez og Alfreð Már Hjaltalín, komu við sögu í öllum 22 umferðunum. Tomasz Luba og Emir Dokara voru elstu leikmenn liðsins í sumar en þeir eru fæddir árið 1986. Yngsti leikmaðurinn var hinsvegar Bjartur Bjarmi Barkarson en hann var einungis rúmlega 15 ára

gamall þegar hann kom við sögu í deildarleik gegn Víkingi Reykjavík og varð í leiðinni yngsti leikmaður í sögu meistaraflokks félagsins. Bjartur er mikið efni og hefur hann nýverið verið valinn í U-16 ára landslið Íslands.

Víkingsliðið átti einn landsliðsmann á tímabilinu en Kwame Quee keppti fyrir heimaland sitt, Sierra Leone.

Strax eftir tímabilið varð ljóst að aftur yrðu þónokkrar breytingar á liðinu á milli ára. Þorsteinn Már Ragnarsson, Kenan Turudija, Cristian Martinez og Guðmundur Steinn Hafsteinsson eru á meðal leikmanna sem hafa ákveðið að róa á önnur mið.

Þá urðu breytingar á stjórninni en Jónas Gestur ákvað að stíga til hliðar sem formaður en í hans stað tók Jóhann Pétursson við stjórninni. Þá bættist Atli Gunnarsson einnig í stjórnina.

Þrátt fyrir fall og breytingar á mannskap er liðið ekki af baki dottið. Ejub Purisevic heldur áfram sem þjálfari Víkings Ó. og munu leikmannamál liðsins skýrast betur innan tíðar.

Golfklúbburinn Jökull



Starfsemin í Golfklúbbum Jökli var með miklum ágætum í sumar. Alla þriðjudaga héldum við innanfélagsmót og var góð mæting. Klúbburinn var með eitt opið mót sem haldið var í samvinnu við Hraðfrystihús Hellissands hf. Völlurinn var í frábæru standi í allt sumar og var honum vel við haldið af starfsfólki klúbbsins. Með aukinni komu ferðamanna til Snæfellsness, þá hafa innlendir ferðamenn nýtt sér völinn og er það vel. Aukinn áhugi virðist vera að vakna hjá kvenfólki, og lögðu þær margar leið sína á námskeið sem haldið var í Grundarfirði í sumar, og er það von stjórnarinnar að þær verði duglegar að láta sjá sig á vellinum næsta sumar. Í undirbúningi eru breytingar á brautum vallarins. Þá bindum við vonir við að hægt verði að taka í notkun nýja flöt á fyrstu brautinni næsta sumar. Að lokum viljum við hvetja alla til að kynna sér þessa skemmtilegu íþrótt sem golfið er og mæta inná völl og byrja að æfa.

Í sumar var byggð vélageymsla á svæði golfklúbbsins sem var orðið tímabært. Við það gjörbreytist aðstaða til viðhalds og geymslu á tækjum klúbbsins.

Með golfkveðju, Stjórn Golfklúbbsins Jökuls.

Skotfélag Sæfellsness



Árið 2016 var eitt besta ár félagsins frá upphafi með mörgum skemmtilegum viðburðum og uppákomum. Við fengum marga góða gesti í heimsókn á árinu, bæði leiðbeinendur, keppendur úr öðrum skotfélögum og fjöldi fólks mætti til að taka þátt í viðburðum eða til að kynna sér starfsemi félagsins.

Aðalfundur félagsins var að venju haldinn á vordögum og fljótlega voru haldnir nokkrir vinnudagar þar sem gerðar voru miklar endurbætur á æfingasvæðinu. Árlegt sjómannadagsmót í leirdúfuskotfimi var haldið í byrjun júní þar sem sjómenn kepptu við landsliðið. Þetta mót hefur farið stækkandi með hverju árinu og í ár var brugðið á það ráð að setja upp keppni í riffilskotfimi samhliða leirdúfuskotfiminni til að dreifa þátttakendum. Allir fengu að taka þátt í báðum greinum og voru stigin lögð saman úr báðum greinum. Eftir spennandi keppni sigraði lið sjómanna og er staðan í einvíginu nú jöfn.

Um miðjan júní fengum við til okkar leiðbeinanda í bogfimi í samstarfi við Bogveiðifélag Íslands og var öllum boðið að koma og taka þátt. Bogfimi er íþróttagrein sem hefur farið mikið vaxandi á Íslandi undanfarin ár og hafa mörg skotfélög tekið þessa grein inn í sitt félagsstarf. Við fengum frábært veður og var þetta hin mesta skemmtun.

Í sömu viku var svo komið að árlegu 17. júnímóti félagsins í riffilskotfimi. Þar var eins og alltaf keppt í tveimur flokkum sem er 22.cal á 50 metra færi og svo stærri veiðirifflum á 100 metra færi. Í þessu móti gátu keppendur valið í hvorum floknum þeir vildu keppa eða keppt í þeim báðum.

Um mitt sumar var svo haldið sumarsólstöðukvöld þar sem skotmenn fundu til allskonar dót úr byssukápunum og hittust um kl. 22:00 um kvöldið til að skjóta saman. Markmiðið var bara að hittast og hafa gaman og skjóta saman, en oft eru bestu aðstæður til skotæfinga á æfingasvæðinu okkar einmitt seint á kvöldin því þá er oft dúnalogn. Mætingin var mjög góð og var skotið langt fram eftir nóttu.

Í ágúst var haldið konukvöld þar sem öllum konum og stelpum var boðið að mæta og reyna fyrir sér í skotfimi. Margar voru að skjóta í fyrsta skipti á meðan aðrar voru vanar. Við vorum ótrúlega ánægð með aðsóknina og áhuginn var svo mikill meðal kvenna að ákveðið var að halda

sérstakt konumót í riffilskotfimi nokkrum vikum síðar og var það fyrsta konumót í sögu félagsins þar sem aðeins konum var boðið að taka þátt.

Refamót félagsins var einnig haldið í ágúst en þetta mót er mjög vinsælt meðal félagsmanna. Þá er skotið á skotmörk sem staðsett eru í ýmsum fjarlægðum sem valdar eru af handahófi. Þar reynir töluvert á þekkingu skotmanna á því skotvopni og kúlum sem skotmenn hafa í höndunum því þá þarf að reikna með falli eða risi á kúlunum því skotmörkin eru öll á mismunandi færum.

Í haust fengum við svo til okkar leiðbeinendur í leirdúfuskotfimi til að koma og leiðbeina okkar fólki. Stefnt er að því að fá aftur til okkar leiðbeinendur á þessu ári þar sem öllum verður boðið að skrá sig og fá tilsögn hvort sem menn eru vanir eða algjörir byrjendur.

Heilt á litið var þetta alveg frábært ár og vonandi verður árið 2017 jafn gott eða jafnvel ennþá betra. Á þessu ári fagnar félagið 30 ára starfsafmæli og stefnum við að því að vera með mikið af upptökum af því tilefni. Viðburðirnir verða auglýstir með góðum fyrirvara og bjóðum við ný andlit sérstaklega velkomin. Skotfimi er ekki eins og margir halda aðeins fyrir veiðimenn heldur er þetta skemmtileg íþróttagrein sem allir geta stundað á sínum forsendum. Margir eru bara að stunda íþróttaskotfimi aðrir sækja í þetta vegna útiveru í náttúrunni og enn aðrir hafa fundið sameiginlegt fjölskyldusport.

Hægt er að fylgjast með og kynna sér starfsemi félagsins á heimasíðu félagsins www.skotgrund.123.is

Skotfélag Snæfellsness

UMF Snæfell



Á aðalfundi sem haldinn var 24. janúar 2017 voru eftirtalin kosin í aðalstjórn:

Hjörleifur K Hjörleifsson formaður

María Alma Valdimarsdóttir gjaldkeri

Sjö deildir störfuðu á árinu: frjálsíþróttadeild, knattspyrnadeild, blakdeild, körfuknattleiksdeild, íþróttaskóli Snæfells, badmintondeild og íþróttir fatlaðra. Sunddeild, siglingadeild, fimleikadeild, þríþrautadeild og kraftlyftingadeild störfuðu ekkert á árinu. Illa hefur gengið að fá einhvern til að sjá um íþróttir fatlaðra, nauðsynlegt er að finna lausn á því máli. Íþróttaskóli Snæfells hefur verið rekinn af einkaaðilum s.l tvö ár og er það hið besta mál. Körfuknattleiksdeild og knattspyrnadeild eru fjárhagslega og rekstrarlega tvískiptar þ.e í meistaraflokka og yngri flokka.

Starfsemi félagsins var góð á árinu eins og fram kemur í skýrslum deilda félagsins. En er eitthvað sem betur mætti fara í starfi Snæfells? Erum við að sinna öllum iðkendum nógu vel? getum við gert betur í þjálfun og allri umgjörð í starfinu? Er lögð nógu mikil áhersla á að öllum líði vel á æfingum og keppni? eru allir iðkendur að fá sömu tækifæri til að eflast og þroskast í íþróttum? Erum við að byggja markvist upp okkar yngri iðkendur og undirbúa þau til þessa að takast á við jafnaldra sína, hvort sem er í einstaklings eða hópíþróttum? Getur félagið boði upp á fleiri íþróttagreinar, eða er framboðið nægt? Eflaust eru einhverjir sem vilja eitthvað annað en í boði er, hvernig ætti að bregðast við því? Því miður getum við ekki boðið upp á sama úrval íþróttagreina og t.d félögin á höfuðborgarsvæðinu, af augljósum ástæðum iðkendafjöldi ekki nægur eitt íþróttahús os.frv.

Að lokum vill aðalstjórn þakka öllum þeim sem styrkja félagið á einn eða annan hátt. Sérstakar þakkir fá allir þeir sem eru tilbúnir að vinna mikið og fórnfúst starf til að félagið geti vaxið og dafnað.

Hjörleifur K Hjörleifsson

Formaður UMF.Snæfells

Frjálsíþróttadeild, eldri

Árið 2016 voru 15-20 krakkar í eldri hóp að æfa frjálssar og var mesti fjöldinn yfir vetrartímann. Þessi hópur samanstendur af krökkum 11 ára og eldri. Yfir sumartímann fækkar alltaf í hópnum

en reynt er að halda úti æfingum og er misjafnt hversu margir mæta. Farið var á mót eins og Stórmót ÍR, Unglingalandsmót og svo var haldið Héraðsmót hér í Stykkishólmi á vordögum. Það er hugur í krökkum hér í bæ sem finnast frjálsar skemmtileg íþrótt og vilja alls ekki að þær detti upp fyrir. Við erum með öfluga einstaklinga og sárt væri ef þau gætu ekki haldið áfram að stunda þá íþrótt sem þeim þykir skemmtileg. Það hefur ekki verið auðvelt að fá þjálfara en Gísli Pálsson hefur verið að þjálfa eldri hópinn tvisvar í viku yfr árið og honum til aðstoðar var Ástrós en því miður var hún bara fram í desember. Erfitt hefur líka verið að fá foreldra til að starfa með okkur í stjórninni en við höfum verið tvær lengst af, Erla Friðriks og Eydís Eyþórs en það væri óskaplega gott að fá fleiri með okkur í stjórn.

Fh. Frjálsíþróttadeildar Snæfells

Eydís Bergmann Eyþórsdóttir.

Frjálsíþróttadeild, yngri

Í upphafi árs reyndi ég að gera breytingar á starfinu hjá yngri hóp sem ég taldi að myndi bæta það. Ég vildi fá elstu krakka úr leikskóla saman með 1. bekk, ég taldi að þá fengjum við elstu börn í leikskóla til þess að læra á íþróttahúsið og aðlagast líkt og 1. bekkur og því væru þau betur í stakk búin fyrir komandi ár.

Undirtektir frá leikskóla voru mjög góðar en meðbyr frá vantaði frá stjórnendum Snæfells. Því varð ekkert úr þeim breytingum. Mætti skoða fyrir næsta starfssár.

Svo í ár hafa 1.-4. bekkur æft saman 1 klst í viku. Erfitt var að finna tíma, svo varð að æfingar eru kl 13:40 á miðvikudögum. Eitthvað hefur misskilist varðandi töflugerð og eru íþróttir til 13:50 svo við fáum salinn þá og höfum til 14:10 en þá er Kári með 1. og 2. bekk í fótbolta. Svo allur salurinn nýtist okkur í 20 min og þurfum við að byrja á upphitun, eftir þann tíma höfum við haft til afnota 1/3 af salnum, þá fara nokkuð margir í fótboltann og svæðið er erfitt að vinna með í margar æfingar, t.d. hlaup og stökk.

Í skýrslu síðasta árs taldi ég upp þá þætti sem mættu endurskoða til þess að bæta starfið en varð ekkert úr þeim úrbótum.

Því liggja sömu atriði fyrir:

1. Það þarf að huga betur að æfingatímanum
 - a. Mörg börn eru í leikfimi í skólanum, fara svo beint í hádegismat og þurfa að kyngja matnum á leiðinni yfir í íþróttahús aftur.
 - b. Skipulleggja þarf æfingatöfluna betur svo ekki verði árekstrar.

2. Aldursskiptingin gæti verið betri.

- a. Með því að skipta hópnum upp þá væri hægt að vinna betur með hvorum hóp fyrir sig.
- b. Gríðarlegur munur á getustigi hjá börnum í 1. bekk og 4. bekk.
- c. Væri mögulega hægt að bjóða elstu börnum í leikskóla, 1. og 2. bekk að æfa saman og hafa þá 3.-5. bekk saman og eldri hóp.

3. Búnaður ófullnægjandi

- a. Lítið úrval af búnaði
- b. Búnaður sem til er, er illa farinn.
- c. Erfitt að bjóða upp á fjölbreyttar æfingar með svo takmörkuðum búnaði.

Í heildina litið má sjá að betur mætti ganga en við Birta, sem hefur verið að aðstoða, höfum tekið þessu með jákvæðni og unnið með það sem við höfðum í höndunum. Ég tel þó að það mætti leggja mun meiri áherslu og athygli í Frjálsar íþróttir því við eigum mikið af börnum sem geta náð langt með góðri þjálfun.

Knattspyrnudeild, meistaraflokkur

Þjálfari liðsins þriðja árið í röð var Þröstur Friðberg . Liðið tók þátt í Lengjubikarnum og átti ágæta leiki þar en tapaði þó öllum leikjunum. Liðið tók þátt í Borgunarbikarnum og féll úr leik í fyrstu umferð. Liðið tók þátt í Íslandsmótinu í knattspyrnu fimmta árið í röð. Allir leikir töpuðust og margir mjög illa og næstversti árangur frá upphafi var staðreynd. Það sem var þó jákvætt var að mjög tókst að draga úr kostnaði deildarinnar frá því árið áður. Ákveðið var að slíta samstarfi við Þröst þjálfara og tilraun gerð til að fara nýjar leiðir með uppbyggingu liðsins. Honum var þakkað fyrir gott starf og hefur hann gefið mikla vinnu í liðið. Liðið tók þátt í Íslandsmótinu í futsal í lok nóvember undir stjórn nýráðsins þjálfara Predrag Milosavljevic og gekk liðinu ágætlega eins og öll undanfarin ár. Reynt var aftur að fá Grundfirðinga í samstarf í lok árs 2016 í meistaraflokki en ekki tókst það frekar en árið áður en Héraðssamband Dalamanna kom í samstarf og byrjar það vel .

Fh.Knattspyrnudeildar

Páll Margeir Sveinsson

Knattspyrnudeild, yngri flokkar

Stjórn yngriflokka 2016

Þróstur Ingi auðunsson formaður

Steindór Hjaltalín gjaldkeri

Hrefna Frímannsdóttir

Ólafur Örn Ásmundsson

Selma Sól

Starfsemi yngriflokka var með hefðbundnum hætti, Kári Pétur Ólafsson sá um þjálfun allra flokka og hefur iðkendum fjölgað mikið undir hans stjórn. En illa hefur gengið að fá krakkana (foreldra) til að mæta á mót hjá samstarfinu. En þau sem hafa farið á mót hafa staðið sig með prýði. Í haust sendum við þrjá einstaklinga á þjálfaranámskeið 1 og 2 stig hjá KSÍ. Páll Margeir sá um völlinn fjórða árið í röð. Sparkvöllurinn er orðinn ansi lúinn en vonandi verður kurlinu skipt út næsta sumar fyrir hättuminna efni.

Samstarfið:

Á vegum samstarfsins hefur verið boði upp á fullt af mótum fyrir yngstu flokkana, er þetta ýmist dags- eða helgarmót. Krakkar í 5. til 3. flokk hafa tekið þátt í Íslandssmóti. Í vetur hafa 2. og 4. fl kk tekið þátt í Faxaflóamóti. Þá fór 4. flokkur kk. á Barcelona Cup 2016 og fóru 4 strákar úr Snæfell, var þessi ferð vel heppnuð. Í sumar fer 4. flokkur kvk á sama mót og fara 3 stelpur frá Snæfell. Hefur sumarið svo endað á mararþonbolta og uppskeruháíð í Ólafsvík. Annars hefur samstarfið gengi nokkuð vel og gefið okkar krökkum mörg tækifæri sem þau fengu ekki ef samstarfið væri ekki til staðar.

Tenging við foreldra: Við höfum nánast eingöngu nota Facebook síður og hefur það gengið vel. Síðan heitir: Snæfell fótbolti yngri. Svo eru allir flokkar hjá samstarfinu með sér síður sem foreldrum er bætt inn jafnóðum

Fyrir hönd stjórnar yngriflokka í knattspynu

Þróstur Auðunsson

Körfuknattleiksdeild, meistaraflokkur

Karlalið

Karlaliðið gekk í gegnum töluverðar breytingar en fyrirliðinn Pálmi Freyr Sigurgeirsson flutti erlendis en hann lék einn leik með liðinu í jólafríinu gegn Haukum og setti að sjálfsögðu stóra körfu fyrir sigrinum. Auk Pálma fóru Snjólfur Björnsson í Breiðablik, Chris Woods fór í FSu (síðar á tímabilinu) og Sindri Davíðsson fór aftur heim til Akureyrar og lék með Þórsurum.

Óskar Hjartarson og Birkir Freyr Björgvinsson komu báðir úr Aftureldingu, Baldur Þorleifsson tók fram skónna að nýju til að þetta leikmannahópin, Þórbergur Helgi Sæþórsson kom tilbaka frá Ármanni og félagið samdi við hinn magnaða Sherrod Nigel Wright.

Liðið kom seint saman í ágúst/september vegna landsliðsverkefna og hversu seint samið var við Sherrod. En leikir í Lengjubikarnum var liðið í A-riðli með Þór Þ., Njarðvík, Hamar og Ármanni. Tveir leikir unnust en tveir töpuðust og komst liðið því ekki uppúr riðlinum.

Í bikarkeppninni lék liðið án Sigurðar Þorvalds fyrirliða og náði aldrei að ógna sterku liði Hauka sem sigruðu 45-89 í Stykkishólmi, bikarævintýrið var því stutt þetta árið.

Á Íslandsmótinu var liðinu spáð falli eða í 11. sæti og margir sem töldu liðið engan veginn myndi standa sig á meðal þeirra bestu. Liðið kom á óvart og lék vel saman og betur og betur eftir því sem á leið tímabilið. Liðið náði að sigra í 8 leikjum en töpuðu 13. Liðið endaði í 9. sæti og komst ekki í úrslitakeppnina.

Kvennaliðið

Íslandsmeistarar síðustu tveggja ára sóttu þann þriðja í röð eftir magnaða rimmu við Hauka sem urðu deildarmeistarar. Einnig varð liðið Bikarmeistarar í fyrsta skipti og því frábær vetur að baki hjá liðinu.

Liðið kvaddi fyrirliðann frábæra Hildi Sigurðardóttur með stæl og nú þurfti liðið heldur betur að bæta við sig til að fylla þetta skarð. Tvær aðrar hættu þær Aníta Rún Sæþórsdóttir og Helena Helga Baldursdóttir. Kristen McCarthy hélt til Þýskalands.

Til liðs við Íslandsmeistaranna komu þær Sara Diljá Sigurðardóttir, Andrea Björt Ólafsdóttir og uppúr yngriflokkunum gekk Hrafnhildur Magnúsdóttir. Félagið sem hafði haft Kristen McCarthy gullmola hjá sér samdi við Haiden Denise Palmer um að taka að sér leikstjórnandastöðuna í staðinn fyrir Hildi Sig og stýra liðinu. Haiden gerði frábærlega innan vallar sem utan og var geggjaður Hólmari á stuttum tíma. Í upphafi leiktímabilsins rak á fjörur liðsins landsliðskonan Bryndís Guðmundsdóttir úr Keflavík og var það gríðarleg viðbót við skemmtilegan hóp. Bryndís bjó áfram í Keflavík og æfði með dömum í Reykjavík.

Berglind Gunnarsdóttir, Huguína Eva Valdimarsdóttir, Bryndís Guðmundsdóttir og María Björnsdóttir æfðu með Breiðablik en samstarfið var mjög gott á milli félaganna. Sóttu dömurnar þær æfingar í Stykkishólmi reglulega sem þær komust á og komu saman í leiki í Stykkishólmi. Liðið lék í Lengjubikarnum í riðli með Grindavík, Þór Akureyri og Breiðablik. Liðið sigraði Þór Ak og Breiðablik en töpuðu fyrir Grindavík 65:67 sem þýddi að Grindavík fóru í undanúrslit gegn Haukum. Haukar urðu svo Lengjubikarmeistarar eftir sigur á Keflavík.

Í bikarnum hófu stúlkurnar leik gegn Breiðablik sem þær unnu létt á heimavelli 85:48. Enn eitt árið mættu stúlkurnar Valsstúlkum en okkar dömur sigurðu 78:58 á útivelli. Í undanúrslitum mætti liðið Keflavík á útivelli og sigurðu þær 74:64. Grindavík slógu út Hauka og tryggðu sér sæti í úrslitaleiknum. Stelpurnar okkar spiluðu einn besta leikinn sinn í úrslitunum gegn Grindavík og urðu Bikarmeistarar 2016 með 78:70 sigri.

Dominosdeildin hófst svo með sjö liðum þar sem ekkert lið vildu taka sæti KR sem drógu lið sitt úr keppni vegna mannaþreyinga. Öruggur útisigur á Hamar í fyrsta leik hóf skammtilegt tímabil og sigurðu stelpurnar 21 leik en töpuðu 3, tveimur gegn Haukum og einum gegn Keflavík á útivelli. Haukar töpuðu einungis tveimur deildarleikjum og báðir gegn Snæfell og urðu deildarmeistarar. Gunnhildur Gunnarsdóttir meiddist illa í landsleik í nóvember en liðið vann engu að síður 10 stiga sigur á Haukum. Mikil dramatík var í kringum Haukaliðið sem var Stóraliðið og enduðu þær sem Deildarmeistarar. Okkar dömur léku betur og betur eftir því sem á leið og mannskapurinn kom heim og saman. Pétur Pétursson Osteopadi gerði algjöra galdra með meiðsla dömurnar okkar og var liðinu ómetanlegur. Ingi Þór og Baldur Þjálfarar héldu liðinu við efnið og var úrslitakeppnin svakaleg. Síðasti deildarleikurinn var gegn Val sem liðið svo mætti einmitt í undanúrslitum. Fyrsti leikurinn í Stykkishólmi 69:62 sigur, annar leikurinn í Valsheimlinu 76:83 sigur og svo þriðji leikurinn 78:71 og því 3-0 sigur og sæti tryggt í úrslitum. Hin undanúrslita viðureignin var Haukar – Grindavík. Haukar lentu undir í því einvígi og sigurðu svo á endanum 3-2. Úrslitaeinvígið var magnað og var fyrsti leikurinn á Ásvöllum þar sem Haukar sigurðu 65:64. Í öðrum leik liðanna sigurðu okkar dömur 69:54 og staðan 1-1. Þriðji leikurinn fór í framlengingu og sigurðu Haukar þar 82:74 og staðan 2-1. Snæfell sigurðu svo leik fjögur í Stykkishólmi 75:55 og því hreinn úrslitaleikur á Ásvöllum. Þar sigurðu okkar stúlkur 59:67 í frábærum leik þar sem áhorfenda met var sett. Íslandsmeistarar þrjú ár í röð.

Haiden Palmer og Bryndís Guðmundsdóttir voru í úrvalsliði fyrri umferðar í Dominosdeildinni. Ingi Þór Steinþórsson var valinn þjálfari fyrri umferðanna.

Í seinni hlutanum voru Haiden Palmer og fyrirliðinn Gunnhildur Gunnarsdóttir í úrvalsliðinu. Ingi Þór Steinþórsson var valinn þjálfari seinni umferðanna.

Á lokahófi KKÍ voru þær Gunnhildur Gunnarsdóttir og Bryndís Guðmundsdóttir í úrvalsliðinu. Haiden Palmer var valinn besti erlendi leikmaðurinn og Ingi Þór Steinþórsson var valinn þjálfari ársins. Gunnhildur var einnig kjörin varnarmaður ársins. Prúðasti leikmaður deildarinnar var valinn Berglind Gunnarsdóttir.

Stjórn deildarinnar:

Formaður: Gunnar Svanlaugsson

Varaformaður: Hermundur Pálsson

Gjaldkeri: Davíð Sveinsson

Meðstjórnendur: Arnór Óskarsson, Páll Þorbergsson, Þorbergur Bæringsson, Símon Hjaltalín, Steindór Hjaltalín og Guðmundur Helgi Þórsson.

Körfuknattleiksdeild, yngri flokkar

Í upphafi árs 2016 skipaði stjórn yngri flokka körfuknattleikseildar Snæfells eftirtöldum aðilum:

Magnús Ingi Bæringsson, formaður

Davíð Sveinsson

Guðný Pálsdóttir

Guðfinna Arnórsdóttir/Ásmundur Guðmundsson

Jón Þór Eypórsson

Jóhanna María Ríkharðsdóttir

Stjórnin vann mikið með yfirþjálfara Snæfells, Inga Þór Steinþórssyni. Eins og undanfarin ár hefur hann verið okkar maður í samskiptum við KKI og eins og sem oft áður er ómetanlegt að hafa þennan mann í þeirri vinnu.

Stjórn yngri flokka Snæfells vill þakka þjálfurum, tengiliðum og foreldrum sem að starfinu komu. Mikilvægt er að halda áfram þessu góða samstarfi við þetta góða fólk og höldum áfram að byggja upp gott starf innan körfuknattleiksdeildar Snæfells.

Um vor (janúar-maí) æfðu eftirfarandi flokkar:

- | | |
|---------------------------|--|
| • 1.-2. bekkur stúlkna | Þjálfarar: Rebekka Rán og Silja Katrín |
| • 3.- 5. bekkur stúlkna | Þjálfari: Haiden Denise Palmer |
| • 6.- 7. bekkur stúlkna | Þjálfari: Gísli Pálsson |
| • 8.- 10. bekkur stúlkna | Þjálfari: Haiden Denise Palmer |
| • Unglingaflokkur stúlkna | Þjálfari: Ingi Þór Steinþórsson |
| • 1 - 3. bekkur drengja | Þjálfari: Árni Ásgeirsson |

- 4.- 6. bekkur drengja Þjálfari: Austin Magnús Bracey
- 7.- 8. bekkur drengja Þjálfari: Gísli Pálsson
- 9.- 10. bekkur drengja Þjálfari: Gunnlaugur Smáráson
- Drengjaflokkur Þjálfari: Austin Magnús Bracey

Stefán Karel Torfason sá um morgunæfingar.

Um haust (september-desember) æfðu eftirfarandi flokkar:

- 1-2.bekkur stúlkur og drengir Þjálfari: Andrée Michelssen
- 3-4.bekkur stúlkur Þjálfari: Andrea Ólafsdóttir
- 5-6.bekkur stúlkur Þjálfari: Gunnhildur Gunnarsdóttir
- 7-10.bekkur stúlkur Þjálfari: Gunnhildur Gunnarsdóttir
- 1.bekkur drengja Þjálfari: Andrée Michelssen
- 2-3.bekkur drengja Þjálfari: Andrée Michelssen
- 4-6.bekkur drengja Þjálfari: Árni Ásgeirsson
- 7-8.bekkur drengja Þjálfari: Gísli Pálsson
- 9-10.bekkur drengja Þjálfari: Gunnlaugur Smáráson
- Drengjaflokkur Þjálfari: Sefton Barret/Ingi Þór, Gísli Pálsson
- Unglingaflokkur Þjálfari: Sefton Barret/Ingi Þór, Gísli Pálsson

Andrée Michelssen sá um morgunæfingar.

Þau mót sem iðkendur minniboltans tóku þátt voru eftirfarandi.

Sambíómót Fjöltnis 5.-6. nóvember, Jólamót ÍR 3.-4. desember, Actavismót Hauka 14.-15. janúar og Nettómótið í Reykjanesbæ 4.-5. mars.

Mikil og góð þáttaka var á öllum þessum mótum. Gaman er að sjá hversu mörg mótin eru orðin fyrir þessa yngstu iðkendur og er körfuboltinn greinilega á mikilli uppleið í landinu.

Lið 6-7.bekkur stúlkur hófu leik í C-riðli og enduðu í öðru sæti á fyrsta móti. Í annarri tórneringu unnu þær riðilinn og léku svo tvö næstu mót í B-riðli og enduðu íslandsmótið í þeim riðli.

Sameiginlegt lið Snæfells og Skallagríms léku saman í 8-10 bekkja stúlkna, 10.flokkur. Hófu þær leik í A-riðli en enduðu veturinn í B-riðli. Léku þær einnig í bikarkeppninni en þær töpuðu þar fyrir liði KR.

Unglingaflokkur kvenna stóðu sig með þrýði. Níu lið öttu kappi og hafnaði lið Snæfells í fjórða sæti. Þær léku einnig í bikarkeppninni og stóðu sig vel þar. Þær komust í úrslitleikinn sjálfan en máttu þola tap gegn sterku liði Keflavíkur.

7.flokkur drengja spiluðu í fyrstu umferð í B-riðli. Unnu þeir þann riðil og léku í A-riðli næstu fjögur mót en því miður í lokaumferðinni dattu þeir niður í B-riðil.

Lið 8.flokks drengja léku í B-riðli first og enduðu þar í efsta sæti. Í annarri umferð léku þeir í A-riðli en því miður dattu þeir niður í B-riðil aftur. Léku þeir í B-riðli næstu tvö mót en enduðu á því að detta niður í C-riðil.

10.flokkur drengja lék sinn vetur allan í B-riðli mikil keppni var þarna um að komast upp en það vantaði oft lítið uppá að það tækist. Þeir léku einnig í bikarkeppninni, spiluðu þeir við flott lið Breiðabliks en þeir máttu sætta sig við átta stiga tap í þeim leik.

Drengjaflokkur lék í 2.deild þar. Níu lið léku í 2.deild og léku liðin sína 18 leiki hvor. Snæfell hafnaði í 3.sæti með 13 sigra og 5 töp.

Eins og alltaf þarf að fara í fjáraflanir til að reka deildina og er gaman að sjá hve einstaklingar og fyrirtæki eru öflug að styrkja körfuknattleiksdeildina. Helstu fjáraflanir voru páska- og jólabingó, og sala á merktum fatnaði. Einnig fékk deildin styrk úr ferðasjóði ÍSÍ.

Að lokum viljum við þakka öllum þeim foreldrum sem lögðu hönd á plóg hvort sem það var í fjáröflun eða mótastarfi. Án ykkar væri þetta ekki hægt.

Stykkishólmur 9.mars. 2017

Stjórn foreldraráðs yngriflokka Snæfells.

Ungmennafélag Staðarsveitar



Margir nýir félagar bættust í hópinn og er það mikið fagnaðarefni. Stjórnin vill þakka fyrir samveruna og samstarfið í kring um viðburði félagsins.

Páskabingó var haldið á Lýsuhóli þar sem Elísabet Bjarnadóttir og Iðunn Hauksdóttir stjórnðu mikilli skemmtun og styrktu um leið Rauða Kross Íslands.

Íþróttæfingar

Í sumar voru íþróttæfingar á íþróttavellinum við Lýsuhól, „eins og venjulega :o) Flestir sveitungar eiga minningar um þessar æfingar sem hafa verið fastur liður eins lengi og elstu menn muna enda félagið okkar eitt það elsta á landinu.

Umsjón: Ólöf Kristjánsdóttir og Björk Gísladóttir. Þeim eru þökkun vel unnin störf.

Sólrún Silja Rúnarsdóttir stýrði vatnsleikfimi í Lýsulaugum 2x í viku s.l. sumar og voru þessar æfingar vel sóttar enda bæði skemmtilegar og hressandi.

Félagar tóku þátt í **Samvest samstarfinu**, sem er samstarf um frjálssípróttir á Vesturlandi og Vestfjörðum. Viðburðir voru auglýstir á póstlista sveitarinnar og á Facebook síðu félagsins. Unnið er að spennandi samvinnuverkefnum auk þess sem sameiginlegar æfingar og mót voru haldin.

Þjóðhátíð 17. júní

Umsjón; Rósa, Haukur, sundlaugarverðir ofl.

Skemmtiatriði og leikir. Þátttaka var, eins og alltaf, góð og félagar glöddust saman fram eftir kvöldi. Ungmennafélagið bauð upp á pylsur og ávaxtasafa og sundlaugin var opin.

Vatnasund

Vatnasundkeppni var haldin í Torfavatni eins og hefð er komin á. Börn lærðu að synda í vötnunum áður en sundlaugin var byggð og vatnasundið er orðið að árlegum fjölsóttum viðburði. Eftir sundið var öllum keppendum boðið í Lýsulaugarnar okkar góðu á Lýsuhóli.

Í vatnasundsnefnd eru Símon Kristinn, María, Björk, Þorri og Hilmar. Eins og áður var keppt í einum flokki en 14 ára og yngri synda styttri vegalengd.

Vatnasundmeistari 2016 er Jökull Gíslason frá Álftavatni sem varði titillinn frá fyrra ári.

- ✓ **Árleg áramótabrenna** Ungmennafélagsins var á Kirkjuhóli.
- ✓ Ungmennafélögin á svæðinu styrktu **dansnámskeið á Lýsuhóli.**
- ✓ **Unglingalandsmót UMFÍ** fyrir 11 ára og eldri var haldið í Borgarnesi að þessu sinni. Stór hópur félagsmanna fór á mótið og allir voru sér og sínum til sóma. **Sigurbjörn Ágúst Kjartansson frá Neðri Hól** hlaut afreksbikar Ungmennafélags Staðarsveitar, annað árið í röð, fyrir besta árangur á mótinu. Allir þátttakendur voru sér og sínum til sóma.

Stjórn Ungmennafélagsins:

Ragnhildur Sigurðardóttir, *formaður.*

Lilja Björk Kristjánsdóttir, *ritari.*

Þórður Svavarsson, *gjaldkeri.*

Meðstjórnendur:

Guðmundur Bjarnason

Íðunn Hauksdóttir

Sóldís Hafberg Þórsdóttir

Björn Ástvar Sigurjónsson

Varamenn:

Silja Sigurðardóttir

Þóra Kristín Magnúsdóttir

Kristján Þórðarson

Endurskoðendur:

Þorkell Símonarson

Rósa Erlendsdóttir

Hugmyndir fyrir sumar, haust og vetur

- ✓ Viljum fara í a.m.k. eina góða gönguferð, hvert og hvenær?
- ✓ Ef vilji er til er hægt að fá skyndihjálparnámskeið og „barnfóstrunámskeið“ sem allir hafa gott af að fara á.
- ✓ Félagsmálanámskeið UMFÍ verður haldið í Lýsuhólsskóla í haust
- ✓ Kassabílarallý?
- ✓ Hvar er hreyfikyndillinn..? náum við að loka hringnum í ár?
- ✓ Glímukeppni? Sundæfingar/keppni? Golfnámskeið?

Frjálsar Íþróttir

Júní: Samæfingar utanhúss í Borgarnesi (væntanlega 13. og 23. júní).

Júlí: Stefnt er að sumarmóti SamVest í Borgarnesi sunnudaginn 9. júlí kl. 13.00.

Ágúst: Unglingalandsmót UMFÍ verður á Egilsstöðum um Verslunarmannahelgina.4. -7. ágúst

Okt. - nóv.: Samæfing SamVest í Kaplakrika, Hafnarfirði. Mögulega æfingabúðir með nýju sniði.

Golfklúbburinn Mostri



Stjórn og nefndir

Stjórn GMS á liðnu starfsári skipuðu eftirtalin: Formaður: Eyþór Benediktsson; gjaldkeri: Hulda Mjöll Hallfreðsdóttir; meðstjórnendur: Ásgeir H. Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Kjartan Páll Einarsson, Rafn Júlíus Rafnsson og Ríkharður Hrafnkelsson.

Stjórnin tók til starfa strax eftir aðalfund með því að skipa í nefndir og huga að öðrum undirbúningi fyrir sumarið. Formenn nefnda voru valin þau Kjartan Páll Einarsson í **Mótanefnd**, Ríkharður Hrafnkelsson í **Vallarnefnd**, Katrín Pálsdóttir í **Kvennanefnd**, Jón Þór Eyþórsson í **Unglinga- og nýliðanefnd** og Ásgeir H. Guðmundsson í **Húsnefnd**.

Á aðalfundi var **Klæmint Sv. Antoniusen** einróma kosinn heiðursfélagi GMS. Klæmint er stofnfélagi í Mostra og var árið 1985, á öðrum aðalfundi klúbbsins, kosinn í stjórn. Hann gegndi starfi gjaldkera næstu níu árin og var, fyrir störf sín fyrir klúbbinn, sæmdur Gullmerki GSÍ á 20 ára afmælishátíð klúbbsins árið 2004.



Undirbúningur, vorverk og framkvæmdir

Veturinn var hagstæður og ekkert bar á kali á vellinum. Ríkuleg áburðargjöf og góð tíð síðustu árin hefur hjálpað til við að græða þær skemmdir sem urðu á vellinum vorið 2014. Sumarið einkenndist síðan af góðu tíðarfari þannig að völlurinn var orðinn grænn og vel

gróinn fyrir miðjan júní og hélst þannig fram á vetur.

Ekki tókst að ljúka lagfæringum við skurð á 2. braut og þarf að klára það nú fyrir sumarið. Aðrar framkvæmdir voru ekki fyrirhugaðar við völlinn á árinu. Seinnipart sumars var þó ráðist í að laga 5. flötina sem var ekki eins góð og vænst var eftir breytingarnar. Var hún völtuð og götuð og endursáð í hana. Síðan var flötin hvíld í nokkrar vikur og virtist taka vel við sér eftir þessar aðgerðir. Það voru þeir Ásgeir Héðinn og Margeir Ingi vallarstjóri sem tóku þetta að sér. Mannahald: Völlur – skáli – tjaldsvæði

Vallarstjóri var ráðinn Margeir Ingi Rúnarsson og honum til aðstoðar var Gauti Daðason. Margeir hóf störf 2. maí og vann á vellinum fram yfir 20 september. Eins og fyrri ár stóðu þeir

félagar vaktina með þrýði. Völlurinn skartaði sínu fegursta allt sumarið og fengu þeir verðskuldað hrós fyrir frá félagsmönnum og gestum sem sóttu okkur heim. Stjórnin vill þakka þeim félögum fyrir vel unnin störf og gott samstarf.

Starfsmenn í skála og tjaldsvæði voru þau Helga Björg Marteinsdóttir, Guðmundur Rúnar Guðþórsson og Ayushtseren Khash-Erdene, sem voru mestallan tímann, auk þeirra voru Sveinn Ágúst Óskarsson og Samantha Bazely hluta sumarsins og Lára Björg Björgvinsdóttir vann í skála síðasta mánuðinn.

Skálinn var opinn frá 8 á morgnana til kl. 10 á kvöldin og var reynt að haga viðveru starfsfólks þannig að alltaf væru tveir á vakt á mestu álagstímum.

Tjaldsvæðið var opið í fulla fjóra mánuði með föstu starfsfólki, frá 20 maí til 20. september. Þar að auki var opið á tjaldsvæðinu og aðgangur að snyrtingum, þvottavél/þurrkara og anddyri golfskála út október. Þann mánuð var ekki innheimt gjald og enginn fastur starfsmaður í skálanum.

Aðsóknin hefur aldrei verið meiri en síðasta sumar og reyndi því oft verulega á starfsfólk og ekki síður á þá aðstöðu sem í boði er á tjaldsvæðinu. Fyrir síðasta sumar sendi klúbburinn minnisblað til bæjaryfirvalda þar sem nauðsynlegar umbætur á tjaldsvæði voru tíundaðar. Þeim tillögum var vel tekið og var strax ráðist í lagfæringar vegslóða og á rafmagnstenglum. Fyrir liggur að fjölga þarf enn frekar tenglum og eins eru margir aðrir þættir sem þarf að koma í betra lag á tjaldsvæðinu. Vonandi næst að halda áfram með endurbætur á þessu ári og tjaldsvæðinu komið í það horf að það verði áfram eftirsóknarverður áningarstaður og okkur öllum til sóma.



Mótahald

Mótahald var með nokkuð líku sniði og undanfarin ár en þó voru færri mót og þátttaka minni en oft áður. Haldin voru tvö opin mót og var Opna Hótel Stykkishólmur þeirra stærst og veglegast. Meistaramótið fór fram dagana 29. júní – 2. júlí. **Klúbbmeistarar** urðu Margeir Ingi Rúnarsson í karlaflokk og Auður Kjartansdóttir í kvennaflokk.

Árlega eru reiknuð út stig keppenda eftir árangri og þátttöku í mótum klúbbsins og veitt viðurkenning fyrir Stigameistara karla og kvenna. **Stigameistarar** ársins 2016 eru þau Margeir Ingi Rúnarsson og Helga Björg Marteinsdóttir.

Nánari úrslit í mótum má sjá í skýrslu mótanefndar.

Sú keppni sem hæst bar hjá okkur á síðasta ári var **Íslandsmót golfklúbba, 4. deild**, sem var haldið hér á Víkurvelli dagana 24. – 26. júní. Alls sendu 7 klúbbar lið í keppnina auk liðs okkar manna. Lögð var áhersla á, af okkar hálfu, að taka vel á móti gestunum og þess vegna var vandað til alls skipulags



og undirbúnings. Veðrið var gott og það kom mörgum aðkomumannanna á óvart hve völlurinn var góður þannig að mótið reyndist mikilvæg og góð auglýsing fyrir völinn, klúbbinn og aðstöðuna hér. Ekki skemmdi fyrir að lið GMS vann alla leiki sína og vann þar með 4. deildina með glæsilegri spilamennsku. Þeir leika því í 3. deild að ári. Eftirtaldir skipuðu sveit GMS: Davíð Hafsteinsson, Gunnar Björn Guðmundsson, Margeir Ingi Rúnarsson, Pétur Pétursson, Rúnar Örn Jónsson og Sigursveinn P. Hjaltalín. Liðsstjóri var Högni F. Högnason.

Öldungasveit karla tók þátt í **Íslandsmóti eldri kylfinga** og léku þeir í 2. deildinni á Kiðjabergi 12.-14. ágúst. Þeir stóðu sig mjög vel höfnuðu í 4. sæti og áttu möguleika á að leika til úrslita um efstu sætin. Sveitina skipuðu: Davíð Hafsteinsson, Egill Egilsson, Gunnar Gunnarsson, Ólafur Þorvaldsson, Rafn J. Rafnsson, Ríkharður Hrafnkelsson, Rúnar



Gíslason og Skarphéðinn Elfar Skarphéðinsson. Liðsstjóri var Björgvin Ragnarsson.

Barna- og unglingastarf

Jón Þór Eypórsson stýrði barna- og unglingastarfinu sl. sumar. Ekki tókst að útvega kennara til að sinna kennslu barna, unglinga og nýliða eins og stefnt var að. Klúbbarnir á Snæfellsnesi ákváðu að sameinast um að ráða hingað kennara en því miður fékkst enginn til þess að taka að sér verkefnið.

Undanfarnar vikur hafa verið viðræður milli sömu klúbba auk Borgnesinga um að standa saman að þessum málum en ekki hefur fengist niðurstaða hvort möguleiki verði á samstarfi um þessi mikilvægu mál.

Nánari grein er gerð fyrir barna- og unglingastarfinu í skýrslu formanns barna- og unglinganefndar.

Samstarf

Síðastliðið vor mættu formaður ásamt Rúnari Gíslasyni og Guðmundi Teitssyni á fund hjá **Aftanskini**, félagi eldri borgara. Tilefnið var að kynna nýju æfingaflötina og aðstöðuna hér hjá okkur fyrir þúttæfingar. Aftanskinsfélagar voru boðnir velkomnir til okkar og Guðmundur og Rúnar tóku að sér að sjá um æfingar einu sinni í viku yfir sumarið en að öðru leyti var flötin opin fyrir félaga alla aðra daga. Nokkur aðsókn var þessa daga en við hefðum gjarnan viljað sjá meiri mætingu. Á komandi sumri þurfum við að vera dugleg að hvetja fleiri til að mæta á æfingar og jafnvel setja upp mót o.fl. upptökur til að trekkja að.

Framundan er endurskoðun á samningi við Stykkishólmsbæ um rekstur tjaldsvæðisins. Þessi rekstur er klúbbum mikils virði og það er vilji beggja aðila að halda því samstarfi áfram. Margt hefur þó breyst í ferðaþjónustunni undanfarin ár og tímabært er að fara yfir samninginn með tilliti til þess.

Á síðasta ári gekk Stykkishólmsbær frá skipulagi á ýmsum svæðum næst golfvöllinum og um leið var svæði vallarins afmarkað skýrar en verið hafði. Eins og kunnugt er hefur lóðum verið úthlutað í Víkurhverfi næst völlum og einnig hefur verið úthlutað lóð fyrir hótél við Sundvík sunnan 5. brautar. Búast má við að framkvæmdir hefjist á þessum slóðum á næstu mánuðum og þurfum við að gera ráð fyrir einhverju raski vegna þeirra, bæði við völlum og að einhverju leyti innan hans.

Klúbburinn hefur hingað til átt gott samstarf við Stykkishólmsbæ og væntir þess að svo verði áfram. Þannig að fullt tillit verði tekið til klúbbstarfsins og okkar hagsmuna og skoðana í fyrirhuguðum framkvæmdum.



Formenn klúbbanna á Snæfellsnesi funduðu í aprílbyrjun og skipulögðu samstarf klúbbanna. Lögð var talsverð vinna í að ráða hingað golfkennara en það gekk ekki, eins og nefnt er hér að framan. Klúbbarnir ákváðu einnig að breyta Snæfellsnesmótaröðinni og var skipulagt tveggja daga mót sem fékk nafnið Umhverfis Snæfellsnes á tveimur

dögum. Ekki var nægileg skráning í mótið þannig að rætt var um að fresta því en svo fór að ekki fannst tími fyrir það. Vonandi gengur okkur betur með þetta á komandi sumri.

Að lokum

Eins og sjá má af meðfylgjandi ársreikningi var afkoma liðins árs góð í rekstri klúbbsins. Hagnaður af rekstri var 1.802.031 kr. sem er meira en áætlanir okkar gerðu ráð fyrir. Þennan hagnað má auðvitað þakka verulegri fjölgun gesta á tjaldsvæði og vellinum. Og til að setja þessar tölur í samhengi má geta þess að launakostnaður 2016 var u.þ.b. 1.800.000 hærri en árið á undan og eins höfðum við árið 2015 rúmar 1.700.000 kr. í þóknun fyrir upplýsingamiðstöðina sem ekki var starfrækt hjá okkur 2016.

Þótt við getum ekki stólað á viðlíka aukningu í tekjum á næstu árum taldi stjórnin rétt, í ljósi góðrar afkomu, að ganga frá kaupum á nýrri brautasláttuvél nú í byrjun árs. Það var orðið aðkallandi og má segja að við verðum vel búin tækjum nú í vor.

Í síðustu ársskýrslu var nokkuð rætt um átak til að fjölga félögum í klúbbnum. Stjórnin hafði sett sér markmið um fjölgun og var ein leiðin að lækka árgjald nýrra félaga og þeirra sem eru yngri en 30 ára. Það skilaði nokkrum nýjum félögum en á móti kemur að nokkrir félagar hættu þannig að ekki náðum við markmiðum okkar að þessu leyti. Þetta mun vera sama sagan víða um landið en það er engin afsökun fyrir að reyna ekki að gera betur á næsta ári.

Mestu máli skiptir að á meðan félagsandinn er góður og samstaða í klúbbnum þá eru félagarnir ánægðari og virkari. Kannski er því best að hlúa vel að því sem við höfum og sjá svo til hvort fleiri sjái sér ekki hag í því að vera með.

Að svo mæltu vil ég fyrir hönd stjórnarinnar þakka félögum fyrir samstarfið á síðasta ári og óska þess að þeir verði virkir í öllu starfi klúbbsins á því ári sem nú er nýhafið.

Ég vil að lokum þakka stjórnarfólki og þeim sem störfuðu í nefndum klúbbsins fyrir samstarfið.

Sigurður Kristinsson og Bókhaldsstofan Stykkishólmi ehf. sá um bókhald og launavinnslu fyrir klúbbinn. Þessari vinnu hefur Sigurður sinnt af mikilli samviskusemi mörg undanfarin ár án þess að fá annað fyrir það greitt en félagsaðild sína og fjölskyldunnar. Nú verður beyting á þessu og vil ég af því tilefni þakka Sigurði sérstaklega fyrir lipra og góða þjónustu sem hefur verið okkur ómetanleg.

Klúbburinn hefur átt gott samstarf við Stykkishólmsbæ og þakkar bæjarfélaginu fyrir margvíslegan stuðning á liðnu ári.

Fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa styrkt klúbbinn með fjárframlögum eða með öðrum hætti eru færðar bestu þakkir fyrir þeirra framlag.

Á þessum aðalfundi ganga úr stjórn Ásgeir Héðinn Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir og Kjartan Páll Einarsson. Fyrir hönd stjórnar, og allra félaga, vil ég vil ég þakka þeim fyrir óeigingjarnt starf fyrir klúbbinn.

Að lokum vil ég þakka starfsfólki á velli og í skála fyrir samstarfið og einnig klúbbfélögum öllum.

Fyrir hönd stjórnar GMS

Eyþór Benediktsson, formaður

Golfklúbbur Staðarsveitar



Starf Golfklúbbs Staðarsveitar árið 2017 var með hefðbundnum hætti. Rekstur Garðavallar undir Jökli gekk vonum framar ekki síst fyrir velvilja fjölda fyrirtækja sem lögðu okkur lið með fjárstuðningi og tekjur af gestum sem stoppuðu og tóku einn hring ekki síst útlendingum sem voru fleiri en oft áður. Þar er markaður sem vert er að huga að. Tíðafarið var hagstætt framan af sumri og gekk vel að halda vellinum í góðu lagi allt sumarið. Heldur hefur

fækkað í klúbbum en félagar eru um 20 talsins en virkir félagar færri.

Golfsumarið var tekið snemma með svokölluðu Kríumóti sem haldið var snemma í maí og var vel mætt af félögum okkar frá öllum klúbbum héðan af Snæfellsnesi og víðar af Vesturlandi.

Töðugjöld voru á dagskrá eins og undanfarin ár og Tuddamótið var haldið 2. september. Þar er slegið saman keppni Golfklúbbs Staðarsveitar og Golfklúbbs Guttorms tudda ásamt því að haldið er opið puntamót. Þetta mót var líka meistaramótið okkar félaga í GST. Um kvöldið var síðan haldin hátíðarkvöldverður í boði klúbbsins og veitt verðlaun sem voru afurðir úr sveitinni gefið af heimamönnum. Þá voru einnig krýndir meistarar klúbbsins en þetta árið var nýr klúbbmeistari krýndur Hjörleifur Þór Jakobsson án forgjafar og Haukur Þórðarson varð klúbbmeistari með forgjöf. Hlutu þeir veglega bikara til geymslu eitt ár og fá nöfn sín grafinn á þá. Til stóð að halda sameiginlegt mót allra golfklúbbana á nesinu þar sem spilað væri níu holur á hverjum velli alls 36 holur á tveim dögum. Lítil þátttaka var og hættu flestir klúbbarnir við mótið. Okkur fannst ástæða til að halda áfram með mótið og fór svo að við héldum það. Tólf manns tóku þátt og það er okkar skoðun að þetta mót sé þess virði að halda því áfram. Á uppskeruhátíð okkar var síðan krýndur Snæfellsnesmeistarinn. Sá sem fékk flesta punta þetta árið var Sæþór Gunnarsson og fékk veglegan farandgrip til geymslu fram á næsta sumar.

Haldið var áfram að laga völinn eins og fjármagn leyfði. Tveir starfsmenn voru við störf á vellinum megnið af sumarinu. Gerðir voru nýjir teigar á 7. holu vegna stækkunar Gistihússins Langaholts. Einnig er unnið að því að bæta grín vallarsins með fræsingum og sáningum og baráttan við mosan mun verða aðalverk næstu ára. Þá er átak í gangi til að fá fleiri heimamenn til liðs við klúbbinn með kennslu í golfi og nýtir klúbburinn sér Snag golfbúðnað til þess meðal annars. Er það von okkar að það verði einhver fjölgun í klúbbum á næstu árum. En hvað sem fjármálum og ytri aðstæðum líður á komandi ári stefnir Golfklúbbur Staðarsveitar ótrauður á gera félagsmönnum sínum til hæfis og að bæta völinn sinn þannig að það verði eftirsóknarvert að koma og spila hann.

Haukur Þórðarson formaður

Íþróttafélag Miklaholtshrepps



Starf á vegum ÍM var ekkert árið 2016, en nokkrir félagar stunduðu körfubolta-æfingar yfir vetrartímann.

Ekki bárust skýrslur frá

Vestarr

Umf eldborg

SAMVEST samstarfið í frjálsíþróttum

Héraðssamböndin HHF, HSH, HSS, UDN, UMFK, UMSB og USK

SamVest er frjálsíþróttasamstarf sjö héraðssambanda á vesturhluta landsins; frá Kjalarnesi til Stranda og sunnanverðra Vestfjarða. Samstarfið hófst 2012 og eru Frjálsíþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands aðilar að samstarfsyfirlýsingu aðila.

Markmið samstarfs er „útbreiðsla og efling frjálsra íþrótta: að auka ástundun og gera frjálsíþróttir að aðlaðandi og ánægjulegum kosti fyrir börn og ungmenni á starfssvæðinu.“ Frjálsíþróttastarf er misumfangsmikið hjá aðildarsamböndunum og félögum þeirra. Trú aðila er að með samstarfinu geti félögin gert meira en hvert fyrir sig; boðið betri þjónustu og aukið fjölbreytni í starfinu.

Frá apríl 2015 hefur SamVest verið í samstarfi við frjálsíþróttadeild FH og haldið samæfingar sínar í frábærri frjálsíþróttaaðstöðu í Kaplakrika í Hafnarfirði undir leiðsögn þjálfara frá FH. Samningur við FH heimilar iðkendum SamVest að mæta á einstakar æfingar hjá frjálsíþróttadeild FH og þau sem eru við nám á höfuðborgarsvæðinu hafa aðgang að æfingum FH í Kaplakrika gegn sama gjaldi og FH-ingar.

Starfsemin árið 2016

Samstarfið vill gefa iðkendum tækifæri til að æfa við bestu aðstæður og heldur að jafnaði þrjár **samæfingar í Kaplakrika** að vetri fyrir 10 ára og eldri. Foreldrar sjá um akstur til og frá æfingum. Boðið var uppá sumaræfingu í Borgarnesi, hugsað sérstaklega fyrir bikarliðið.

Í tengslum við samæfingu í apríl var haldið **Vinamót í Kaplakrika** á vegum SamVest, FH og HSK-Selfoss. Mótið var fyrir 11-14 ára og voru 12 þátttakendur frá SamVest af um 80 keppendum.

SamVest hélt tveggja daga **æfingabúðir í frjálsum íþróttum í Borgarnesi** 15. – 16. júní. Um var að ræða nýtt og metnaðarfullt verkefni sem kom til þegar ljóst var að frjálsíþróttaskóli UMFÍ yrði ekki haldinn í Borgarnesi það árið, vegna anna heimamanna við undirbúning Unglingalandsmóts.

Í heildina mættu nærri 30 krakkar en skipulagning og umsjón var í höndum Kristínar Höllu Haraldsdóttur þjálfara UMFG. Þjálfarar auk hennar voru Unnur Jónsdóttir UMSB, Íris Grönfeldt úr Borgarfirði, Hlynur Guðmundsson frá Aftureldingu og Hermann Þór Haraldsson frá FH. Heimafólk á UMSB-svæðinu stóð dyggilega að undirbúningi og framkvæmd og í lokin var stutt mót á Skallagrímssvelli með hátt í 30 þátttakendum.

Árlegt sumarmót SamVest var haldið á Völuvelli á Bíldudal í ágúst 2016, fyrir alla aldursflokka. HHF var gestgjafi og tók heimafólk einstaklega vel á móti nálægt 70 keppendum. Aðstaðan á Bíldudal er með ágætum og mótið gekk mjög vel fyrir sig.

SamVest sendi sameiginlegt lið í **Bikarkeppni FRÍ** fyrir 15 ára og yngri, bæði í innanhúskeppnina í febrúar og utanhúskeppnina í ágúst. Liðið átti einn keppanda í næstum hverri mótsgrein og komu þeir úr ýmsum félögum á starfssvæði SamVest. Báðar keppnir voru á Laugardalsvelli.

SamVest hefur boðið uppá **æfingabúðir að Laugum** í Sælingsdal við mjög góðar undirtektir. Æfingabúðir haustsins voru að þessu sinni færðar yfir í mars 2017 og nutu þá rúmlega 30 krakkar leiðsagnar gestaþjálfara frá FH, auk þriggja heimaþjálfara.

Styrkur fékkst úr Íþróttasjóði vegna framlags SamVest í rafræn tímatökutæki sem UMSB hefur haft veg og vanda að því að koma upp. Í verkefni og starfsemi að öðru leyti fengust ekki styrkir, hvorki úr Íþróttasjóði né Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ. SamVest-samstarfið naut hins vegar stuðnings frá Fiskverkun KG Rifi, gegnum HSH, og kom sá stuðningur sér afar vel.

Í framkvæmdaráði SamVest árið 2016 voru Björg Ágústsdóttir formaður, HSH, Brynjólfur Tómasson, UMSB, Stefán Skafti Steinólfsson, USK, Arnar Eysteinnsson, UDN og Páll Vilhjálmsson HHF.

Framkvæmdaráðið þakkar iðkendum, foreldrum og þjálfurum fyrir ötult starf og skemmtileg samskipti, sem og öllum samstarfs- og stuðningsaðilum.

Vefur SamVest er www.samvest.is

Snæfellsnessamstarfið – samstarf í knattspyrnu

Árið 2016 var aðeins aukið í verkefnin sem í boði eru, flestir flokkar spiluðu bæði á Keflavíkurmótum fyrir jól og Njarðvíkurmótum eftir jól. Veður kom þó í veg fyrir að allir flokkar næðu að spila á báðum mótum. Fastir liðir á vorin eru síðan verkefni hjá Stjórnunni í apríl og Þrótti í maí. 4.flokkur karla fór auk þess á gístmót á Akureyri í vetur þar sem þeir stigu sín fyrstu skref í 11 manna bolta og mjög gott að fá æfingu fyrir sumarið.

Á sumrin byrja Íslandsmót hjá 5.flokk og eldri. Þetta tímabil sendum við 1 lið í 5.fl kv og komust þær stelpur alla leið í úrslit og sóttu sér mikla reynslu!

5.fl kk var með 3 lið í sumar, álagið var þó nokkuð á strákana (og foreldra þeirra) en þeir luku sumrinu með þrýði. Til stuðnings voru nokkrir yngri strákar sem fengu að taka sín fyrstu skref á Íslandsmóti með því að spila upp fyrir sig.

4.fl kvenna og karla voru með sitt hvort liðið í 11 manna keppni og 4.fl kk var auk þess með lið í 7 manna keppni.

3.fl kvenna spilaði Íslandsmót auk þess sem þó nokkrar stelpur þar æfðu og spiluðu með meistaraflokk kvenna.

3.fl karla fór í samstarf við ÍA í sumar þar sem ekki var nægur fjöldi til að senda lið frá Snæfellsnesi til keppni. Sameiginlegt lið ÍA/Snæfellsnes sendi tvö lið á Íslandsmót, A og B.

6.fl karla og kvenna spila líka Íslandsmót en með öðru sniði. Þar eru haldin minni undankeppnir sem taka einn dag og síðan eru úrslit seint á sumrin. Stelpurnar komust ekki uppúr sínum riðli en strákarnir gerðu sér lítið fyrir og lönduðu silfri. Þeir eru semsagt næst besta 5 manna lið á Íslandi.

Stóru mótin í sumar settu líka stóran svip á sumarið sem er enn aðal tímabilið þó svo að verkefni á veturna séu að aukast. Orkumót í Eyjum og Pæjumót TM í Eyjum, Síamót í Kópavog og N1 mót á Akureyri eru allt mót þar sem liðin gista með þjálfara sínum og spila heila helgi ásamt því að skemmta sér helling saman. Í fyrsta sinn sendum við lið á Norðurálmót á Akranesi sem er stórmót fyrir 7.fl kk.

Auk þessa móta sendum við lið á ArionBanka mót, Fjölnismót og Weetosmót.

Þetta sumar fór 4.fl kk í utanlandskeppnisferð, þessi hópur fór á Barcelona Summer Cup og A liðið okkar vann mótið og einstaklingar í hópnum fengu einnig viðurkenningu fyrir árangur. Á næsta ári eru stelpurnar í 4.fl að fara á sama mót.



Til að slútta árinu vorum við með fótboldamarþon þar sem við spiluðum fótbolta í íþróttahúsinu í Ólafsvík frá kl 16 á föstudag fram til kl 14 á laugardag, mfl kk kláraði síðan síðustu tvo tímana uppí heilan sólaring. Þetta vekur alltaf mikla lukku þeirra sem spila á maraþoninu og þau eru strax orðin spennnt fyrir næsta maraþoni. Mig langar að þakka kærlega fyrir stuðninginn í ár og fyrr ár.

Framtíðin er okkar og miðað við árangur Ársins 2016 má segja að við getum látið okkur hlakka til framtíðarinnar. Það er okkar að halda áfram að hlúa að starfinu, aðstoða börnin okkar og veita þeim bestu mögulegu tækifæri til að ná árangri. Foreldrar eru gríðarlega mikilvægir í starfinu og án þeirra væri þetta ekki hægt. Höldum áfram að vilja gera betur, þannig náum við árangri sama hvernig við mælum hann.

Áfram Snæfellsnes!



Ársreikningur 2015

Ársreikningur 2015

Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu.
kt 620169-5289

Rekstrarreikningur fyrir árið 2015

1. Tekjur	2015	2014
1.1 Rekstrartekjur	6.005.742	6.360.811
1.2 Önnur framlög og styrkir	3.436.118	3.184.212
1.3 Aðrar tekjur	0	0
Tekjur alls	9.441.860	9.545.023
2. Gjöld		
2.1 Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	2.205.961	2.188.846
2.3 Kostnaður vegna íþróttastarfs	5.109.005	5.078.853
2.4 Annar rekstrarkostnaður	2.448.555	2.544.056
Gjöld alls	9.763.521	9.811.755
Hagnaður (tap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði	(321.661)	(266.732)
2.5 Afskriftir fastafjármuna	0	0
2.8 Fjármunatekjur	14.302	14.408
2.9 Fjármagnsgjöld	(2.860)	(12.220)
Afskriftir og fjármagnsliðir alls	11.442	2.188
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	(310.219)	(264.544)

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

3. Eignir	2015	2014
Fastafjármunir		
3.1 Skrifstofubúnaður	1.132.944	1.132.944
Fastafjármunir samtals	<u>1.132.944</u>	<u>1.132.944</u>
Veltufjármunir		
3.2 Vörubirgðir	0	0
3.4 Skammtímakröfur	0	94.840
	<u>0</u>	<u>94.840</u>
3.5 Handbært fé	1.764.341	38.192
Veltufjármunir samtals	<u>1.764.341</u>	<u>133.032</u>
Eignir alls	<u>2.897.285</u>	<u>1.265.976</u>
 4. Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
4.1 Eigið fé í ársbyrjun	(1.805.131)	(1.540.587)
4.2 Hagnaður (tap) ársins	(310.219)	(264.544)
Eigið fé samtals	<u>(2.115.350)</u>	<u>(1.805.131)</u>
Langtímaskuldir		
4.3 Veðskuldir	0	0
4.4 Aðrar langtímaskuldir	0	0
Langtímaskuldir samtals	<u>0</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir		
4.5 Skuld við félagasamtök	2.033.508	1.921.893
4.6 Skuld við lánastofnanir	0	0
4.8 Aðrar skammtímaskuldir	0	97.955
	<u>2.033.508</u>	<u>2.019.848</u>
4.8 Afborganir af langtímaskuldum	0	0
Skammtímaskuldir samtals	<u>2.033.508</u>	<u>2.019.848</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>(81.842)</u>	<u>214.717</u>

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2015

Rekstrarhreyfingar:	2015	2014
Hagnaður (tap) ársins	(310.219)	(264.544)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Verðbætur af langtímaskuldum	0	0
Afskriftir	0	0
Veltufé frá rekstri	(310.219)	(264.544)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Vörubirgðir lækkun, (hækkun)	0	0
Skammtímakröfur lækkun, (hækkun)	94.840	0
Skammtímaskuldir lækkun, (lækkun)	13.660	(255.140)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	108.500	(255.140)
Handbært fé frá rekstri	(201.719)	(519.684)
Fjárfestingahreyfingar:		
Kaup á fastafjármunum		0
Aðrar fjárfestingahreyfingar		0
Fjárfestingahreyfingar alls	0	0
Fjármögnunarahreyfingar:		
Tekin ný langtímalán	0 0	0
Afborganir af langtímalánum	0	0
Aðrar fjármögnunarahreyfingar	0	0
Fjármögnunarahreyfingar alls	0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(201.719)	(519.684)
Handbært fé í ársbyrjun	(73.253)	446.431
Handbært fé í árslok	(274.972)	(73.253)

Skýringar og sundurliðanir

Sundurliðun tekna 2015

	2015	2014
1.1 Rekstrartekjur		
1.1.1 Lottó ÍSÍ	2.233.518	2.342.686
1.1.2 Lottó UMFÍ	3.557.299	3.783.954
Getraunir	214.925	234.171
Rekstrartekjur	6.005.742	6.360.811
1.2 Önnur framlög og styrkir		
1.2.1 Styrkur frá Héraðsnefnd	1.500.000	1.500.000
1.2.2 Útbreiðslustyrkir ÍSÍ	408.238	409.402
1.2.3 Mótteknir styrkir, UMFÍ fræðslusjóður		0
1.2.4 Skattur aðildarfélaga		
1.2.5 Styrkur frá Ríki vegna íþróttahéraða		
1.2.6 Styrkir frá fyrirtækjum og einstaklingum	680.000	740.810
1.2.7 Styrkir vegna Samvest	847.880	534.000
Önnur framlög og styrkir	3.436.118	3.184.212
1.3 Aðrar rekstrartekjur		
1.3.1 Seldur íþróttafatnaður		0
1.3.2 Seldar aðrar vörur	0	0
1.3.3 Endurseld vinna	0	0
1.3.4 Aðrar rekstrartekjur	0	
Aðrar rekstrartekjur	0	0

Sundurliðun gjalda

	2015	2014
2.1 Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		
2.1.1 Laun	420.000	420.000
2.1.2 Mótframlag í lífeyrissjóð	33.600	33.600
2.1.3 Tryggingagjald	43.973	67.583
2.1.4 Dagpeningar	1.301.562	1.230.837
2.1.5 Bifreiðastyrkir	406.826	436.826
2.1.6 Önnur launatengd gjöld		0
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	2.205.961	2.188.846
2.3 Kostnaður vegna íþróttastarfs		
2.3.1 Verðlaun	215.796	7.990
2.3.2 Ferðakostnaður, gisting og uppihald	410.435	805.523
2.3.3 Þátttökugjöld	194.280	194.851
2.3.4 Lottó til aðildarfélaga	2.033.508	2.164.812
2.3.5 Unglingalandsmót	315.412	523.633
2.3.6 Keyptar íþróttavörur og búningar	254.637	184.894
2.3.7 Veittir styrkir og viðurkenningar vegna íþróttastarfs	159.600	148.500
2.3.8 Kostnaður við Jökulmíluna og annar kostnaður	106.750	567.718
2.3.3 Íþróttastarf Samvest	1.418.587	480.932
Kostnaður vegna íþróttastarfs	5.109.005	5.078.853

2.4 Annar rekstrarkostnaður

2.4.1 Rekstur skrifstofu		0
2.4.2 Sími og burðargjöld	139.011	93.156
2.4.3 Kostnaður vegna funda og námskeiða	603.846	622.243
2.4.4 Reikningsleg aðstoð	90.220	80.000
2.4.5 Pappír, ritföng, prentun og prentun ársskýrslu	306.606	318.360
2.4.6 Auglýsingar og styrkir	84.917	114.967
2.4.7 Áskrift		
2.4.8 Viðhald áhalda	232.794	594.929
2.4.9 Tryggingar	12.566	11.032
2.4.10 Kaffikostnaður og risna	141.003	103.602
2.4.11 Félagsgjöld UMFÍ		
2.4.12 Sjúkrakostnaður	0	49.546
2.4.13 Rekstur bifreiðar	100.130	230.010
2.4.14 Námskeið	342.752	0
2.4.15 Tölvukostnaður og internet	158.800	106.009
2.4.16 Þjónustugjöld og bankakostnaður	3.197	10.596
2.4.17 Önnur gjöld	232.713	209.606
Annar rekstrarkostnaður	2.448.555	2.544.056

Sundurliðun efnahags

	2015	2014
3.1 Skrifstofubúnaður		
3.1.1 Stofnverð í ársbyrjun	571.502	571.502
3.1.2 Afskrifað áður	561.442	561.442
3.1.3 Afskrifað á árinu		0
3.1.4 Annað	0	0
Skrifstofubúnaður	1.132.944	1.132.944

Veltufjármunir

3.2 Vörubirgðir		
3.2.1 Búningabirgðir	0	0
3.2.2 Verðlaunapeningar	0	0
	0	0

3.4 Viðskiptakröfur

3.4.1 UMFÍ vegna Lottó í desember	0	0
3.4.2 Íslenskar getraunir	0	0
3.4.3 Aðrar kröfur og fyrirframgreiðslur	0	94.840
Viðskiptakröfur	0	94.840

Handbært fé

3.5 Landsmótssjóður	0	0
3.9 Bankainnstæður og sjóðir (0309-26-5452 og 0191-15-370322)	1.764.341	38.192
Handbært fé	1.764.341	38.192

4.1 Endurmatsreikningur

4.1.1 Endurmatsreikningur 1/1	0	0
4.1.2 Endurmat ársins	0	0
Endurmatsreikningur 31/12	0	0

4.2 Óráðstafað eigið fé		
4.2.1 Óráðstafað eigið fé 1/1	-1.876.756	-1.615.890
4.2.2 Rekstrarafkoma ársins	-310.219	-260.866
Óráðstafað eigið fé 31/12	-2.186.975	-1.876.756

Skuldir		
4.3 Veðskuldir	0	0
4.4 Aðrar langtímaskuldir	0	0
4.5 Skuld við aðildarfélög vegna Lottó	2.033.508	1.921.893
4.6 Skuldir við lánastofnanir		0
4.7 Næsta árs afborganir	0	0
4.8 Aðrar skammtímaskuldir (Ógr lífeyrissjóður og tryggingagjald)	0	97.955
Skuldir samtals	2.033.508	2.019.848

Ársreikningur 2016

Ársreikningur 2016

Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu.
kt 620169-5289

Rekstrarreikningur fyrir árið 2016

1. Tekjur	2016	2015
1.1 Rekstrartekjur	3.527.881	6.005.742
1.2 Önnur framlög og styrkir	2.890.860	3.436.118
1.3 Aðrar tekjur	248.000	0
Tekjur alls	6.666.741	9.441.860
2. Gjöld		
2.1 Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	2.015.617	2.205.961
2.3 Kostnaður vegna íþróttastarfs	3.021.293	5.109.005
2.4 Annar rekstrarkostnaður	1.766.713	2.448.555
Gjöld alls	6.803.623	9.763.521
Hagnaður (tap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði	(136.882)	(321.661)
2.5 Afskriftir fastafjármuna	0	0
2.8 Fjármunatekjur	55.007	14.408
2.9 Fjármagnsgjöld	(11.000)	(12.220)
Afskriftir og fjármagnsliðir alls	44.007	2.188
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	(92.875)	(319.473)

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

3. Eignir	2016	2015
Fastafjármunir		
3.1 Skrifstofubúnaður	1.132.944	1.132.944
Fastafjármunir samtals	<u>1.132.944</u>	<u>1.132.944</u>
Veltufjármunir		
3.2 Vörubirgðir	0	0
3.4 Skammtímakröfur	0	0
	<u>0</u>	<u>0</u>
3.5 Handbært fé	2.890.059	1.764.341
Veltufjármunir samtals	<u>2.890.059</u>	<u>1.764.341</u>
Eignir alls	<u><u>4.023.003</u></u>	<u><u>2.897.285</u></u>
 4. Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
4.1 Eigið fé í ársbyrjun	(1.860.060)	(1.540.587)
4.2 Hagnaður (tap) ársins	(92.875)	(319.473)
Eigið fé samtals	<u>(1.952.935)</u>	<u>(1.860.060)</u>
Langtímaskuldir		
4.3 Veðskuldir	0	0
4.4 Aðrar langtímaskuldir	0	0
Langtímaskuldir samtals	<u>0</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir		
4.5 Skuld við félagasamtök	1.174.014	2.033.508
4.6 Skuld við lánastofnanir	0	0
4.8 Aðrar skammtímaskuldir	0	0
	<u>1.174.014</u>	<u>2.033.508</u>
4.8 Afborganir af langtímaskuldum	0	0
Skammtímaskuldir samtals	<u>1.174.014</u>	<u>2.033.508</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u><u>(778.921)</u></u>	<u><u>173.448</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2016

Rekstrarhreyfingar:	2016	2015
Hagnaður (tap) ársins	(92.875)	(310.473)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Verðbætur af langtímaskuldum	0	0
Afskriftir	0	0
Veltufé frá rekstri	(92.875)	(310.473)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Vörubirgðir lækkun, (hækkun)	0	0
Skammtímakröfur lækkun, (hækkun)	0	0
Skammtímaskuldir lækkun, (lækkun)	(859.494)	(255.140)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(859.494)	(255.140)
Handbært fé frá rekstri	(952.369)	(565.613)
Fjárfestingahreyfingar:		
Kaup á fastafjármunum		0
Aðrar fjárfestingahreyfingar		0
Fjárfestingahreyfingar alls	0	0
Fjármögnunarhreyfingar:		
Tekin ný langtímalán	0 0	0
Afborganir af langtímalánum	0	0
Aðrar fjármögnunarhreyfingar	0	0
Fjármögnunarhreyfingar alls	0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(952.369)	(201.719)
Handbært fé í ársbyrjun	(274.972)	(73.253)
Handbært fé í árslok	(1.227.341)	(274.972)

Skýringar og sundurliðanir

Sundurliðun tekna 2016

	2016	2015
1.1 Rekstrartekjur		
1.1.1 Lottó ÍSÍ	2.583.672	2.233.518
1.1.2 Lottó UMFÍ	699.004	3.557.299
Getraunir	245.205	214.925
Rekstrartekjur	3.527.881	6.005.742
1.2 Önnur framlög og styrkir		
1.2.1 Styrkur frá Héraðsnefnd	1.500.000	1.500.000
1.2.2 Útbreiðslustyrkir ÍSÍ	434.330	408.238
1.2.3 Mótteknir styrkir, UMFÍ fræðslusjóður		0
1.2.4 Skattur aðildarfélaga		
1.2.5 Styrkur frá Ríki vegna íþróttahéraða		
1.2.6 Styrkir frá fyrirtækjum og einstaklingum	656.530	689.000
1.2.7 Styrkir vegna Samvest	300.000	847.880
Önnur framlög og styrkir	2.890.860	3.445.118
1.3 Aðrar rekstrartekjur		
1.3.1 Seldur íþróttafatnaður		0
1.3.2 Seldar aðrar vörur	248.000	0
1.3.3 Endurseld vinna	0	0
1.3.4 Aðrar rekstrartekjur	0	
Aðrar rekstrartekjur	248.000	0

Sundurliðun gjalda

	2016	2015
2.1 Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		
2.1.1 Laun	420.000	420.000
2.1.2 Mótframlag í lífeyrissjóð	33.600	33.600
2.1.3 Tryggingagjald	45.973	43.973
2.1.4 Dagpeningar	1.110.420	1.301.562
2.1.5 Bifreiðastyrkir	405.624	406.826
2.1.6 Önnur launatengd gjöld		0
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	2.015.617	2.205.961
2.3 Kostnaður vegna íþróttastarfs		
2.3.1 Verðlaun	149.484	215.796
2.3.2 Ferðakostnaður, gisting og uppihald	310.530	410.435
2.3.3 Þátttökugjöld	225.471	194.280
2.3.4 Lottó til aðildarfélaga	1.174.014	2.033.508
2.3.5 Unglingalandsmót	329.754	315.412
2.3.6 Keyptar íþróttavörur og búningar	133.708	254.637
2.3.7 Veittir styrkir og viðurkenningar vegna íþróttastarfs	82.500	159.600
2.3.8 Kostnaður við Jökulmíluna og annar kostnaður	258.762	106.750
2.3.3 Íþróttastarf Samvest	357.070	1.418.587
Kostnaður vegna íþróttastarfs	3.021.293	5.109.005

2.4 Annar rekstrarkostnaður

2.4.1 Rekstur skrifstofu		0
2.4.2 Sími og burðargjöld	114.041	139.011
2.4.3 Kostnaður vegna funda og námskeiða	594.816	603.846
2.4.4 Reikningsleg aðstoð	0	90.220
2.4.5 Pappír, ritföng, prentun og prentun ársskýrslu	40.499	306.606
2.4.6 Auglýsingar og styrkir	126.921	84.917
2.4.7 Áskrift		
2.4.8 Viðhald áhalda	123.276	232.794
2.4.9 Tryggingar	12.512	12.566
2.4.10 Kaffikostnaður og risna	121.570	141.003
2.4.11 Félagsgjöld UMFÍ		
2.4.12 Sjúkrakostnaður	0	0
2.4.13 Rekstur bifreiðar	0	100.130
2.4.14 Námskeið	238.706	342.752
2.4.15 Tölvukostnaður og internet	162.090	158.800
2.4.16 Þjónustugjöld og bankakostnaður	3.572	3.197
2.4.17 Önnur gjöld	228.710	232.713
Annar rekstrarkostnaður	1.766.713	2.448.555

Sundurliðun efnahags

	2016	2015
3.1 Skrifstofubúnaður		
3.1.1 Stofnverð í ársbyrjun	571.502	571.502
3.1.2 Afskrifað áður	561.442	561.442
3.1.3 Afskrifað á árinu		0
3.1.4 Annað	0	0
Skrifstofubúnaður	1.132.944	1.132.944

Veltufjármunir

3.2 Vörubirgðir		
3.2.1 Búningabirgðir	0	0
3.2.2 Verðlaunapeningar	0	0
	0	0

3.4 Viðskiptakröfur

3.4.1 UMFÍ vegna Lottó í desember	0	0
3.4.2 Íslenskar getraunir	0	0
3.4.3 Aðrar kröfur og fyrirframgreiðslur	0	0
Viðskiptakröfur	0	0

Handbært fé

3.5 Landsmótssjóður	0	0
3.9 Bankainnstæður og sjóðir (0309-26-5452 og 0191-15-370322)	2.890.059	1.764.341
Handbært fé	2.890.059	1.764.341

4.1 Endurmatsreikningur

4.1.1 Endurmatsreikningur 1/1	0	0
4.1.2 Endurmat ársins	0	0
Endurmatsreikningur 31/12	0	0

4.2 Óráðstafað eigið fé		
4.2.1 Óráðstafað eigið fé 1/1	-2.186.975	-1.876.756
4.2.2 Rekstrarafkoma ársins	-92.875	-310.219
Óráðstafað eigið fé 31/12	-2.279.850	-2.186.975

Skuldir

4.3 Veðskuldir	0	0
4.4 Aðrar langtímaskuldir	0	0
4.5 Skuld við aðildarfélög vegna Lottó	3.207.522	2.033.508
4.6 Skuldir við lánastofnanir		0
4.7 Næsta árs afborganir	0	0
4.8 Aðrar skammtímaskuldir (Ógr lífeyrissjóður og tryggingagjald)	0	0
Skuldir samtals	3.207.522	2.033.508